


HRÚTASKRÁ

2005 - 2006



BV

Sauðfjársæðingastöð
Vesturlands



Sauðfjársæðingastöð
Suðurlands

Formáli

Sjöunda sinni lýtur sameiginleg hrútaskrá beggja sauðfjársæðingastöðvanna dagsins ljós og sem fyrr má finna vaxandi eftirvæntingu meðal sauðfjárræktenda eftir útgáfu ritsins.

Að venju hefur orðið allmikil endurnýjun á hrútakosti stöðvanna en val hrúta á stöðvarnar verður stöðugt markvissara og betra með auknum upplýsingum úr afkvæmarannsóknnum, skýrsluhaldi og kjötmati. Kröfur sauðfjárræktenda fara vaxandi og því er edlilegt að endurnýjun hrútanna verði ör, sérstaklega með hliðsjón af miklum framförum. Eldri hrútar standast þeim yngri því ekki snúning hvað kjöttgæði varðar nema um skamma hríð. Góðu heilli hefur ekki einungis verið þrengt að möguleikum stöðvanna með töku hrúta á stöðvarnar vegna sauðfjársjúkdómavarna heldur hafa ný bú opnast fyrir þeim möguleika. Nægir þar að nefna sauðfjárræktar-búið á Bergsstöðum á Vatnsnesi sem án efa er í fremstu röð hvað kjöttgæði snertir.

Sem fyrr er kappkostað að bjóða þá bestu mögulegu valkosti sem hægt er á hverjum tíma. Í vetur er að finna í hrútakosti stöðvanna góða valkosti hvað kjöt- og ullargæði varðar auk þess sem á stöðvunum eru mislitir hrútar, ullarhrútar, ferhyrndur hrútur og forystuhrútar. Þarna er reynt að koma til móts við viðhorf, áherslur og áhuga sem flestra þeirra er sauðfjárrækt stunda.

Hrútaskráin er að mestu óbreytt frá fyrra ári hvað framsetningu efnis varðar. Niðurstöður eru settar fram á töfluformi eftir því sem kostur er og í miðopnu skráarinnar er að finna samantekt úr lambhrútaskoðun 2005 og kynbótamat fyrir alla þá hrúta sem voru í notkun s.l. vetur og eins þá sem koma nýir á stöð. Eins eru birtar förgunar-ástæður þeirra hrúta sem fallnir eru frá síðasta ári.

Áfram eru birtir dómar hrútanna sem lamb og

veturgamlir séu þeir fyrir hendi. Þar eru eyðurnar hins vegar meiri en áður þar sem víða er dómum veturgamalla hrúta hætt.

Niðurstöður kjötmats og kynbótamat er sett í töflu. Rétt er að taka fram að þegar átt er við gerð er verið að ræða um vaxtarlagsflokkun í sláturhúsi. Kynbótamat fyrir gerð og fitu er birt, sjá skýringar annars staðar í ritinu.

Margir hafa komið að útgáfu þessa rits. Lýsingar hrúta í skránni hafa Guðmundur Jóhannesson, Jón Viðar Jónmundsson, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Lárus G. Birgisson og Ólafur G. Vagnsson samið. Ullarlýsingar eru unnar af Emmu Eypórsdóttur og Kristni Arnþórssyni. Myndir af hrútunum tóku þau Eiríkur Blöndal, Guðmundur Jóhannesson, Halla Eygló Sveinsdóttir, Lárus G. Birgisson, María Svanfríður Jónsdóttir, Ólafur G. Vagnsson og Sveinn Sigurmundsson. Greinar rituðu Jón Viðar Jónmundsson og Þorsteinn Ólafsson. Sem fyrr er gagnaöflun fyrir hrútakost stöðvanna að mestu unnin af Jóni Viðari Jónmundssyni. Auglýsingasöfnun var að mestu í höndum Guðmundar Jóhannessonar, Ólafs G. Vagnssonar og Sveins Sigurmundssonar. Þessum aðilum er öllum þakkað gott starf.

Hrútaskrár stöðvanna er einnig að finna á heimasíðum Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is, Búnaðarsamtaka Vesturlands, www.buvest.is og Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is, svo sem verið hefur. Þar er að finna sambærilegar upplýsingar og í þessu riti.


Það er von útgefenda að skráin verði sauðfjárræktendum og öðrum áhugamönnum um sauðfjárrækt til gagns og gamans auk þess að auðvelda hrútavalið í vetur.

Guðmundur Jóhannesson, ritstjóri




Sauðfjárnætur
Framleiðum Kraftblöndu og Loðnuköggla fyrir sauðfé.
Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð af ráðunautum.

Bústólpi ehf. Sími 460 3352



Gæði í hverri gjöf



Gott kjarnfóður er undirstaða arðbærrar framleiðslu búfjár!

Kúafóður

Fuglafóður

Hestafóður

Svínafóður

Hundafóður

Kanínufóður

Refafóður

Minkafóður

Fiskafóður

Kjarnfóður frá Fóðurblöndunni er úr völdum hráefnum og framleitt sérstaklega fyrir íslenskan markað. Við vinnum stöðugt að rannsóknum, þróun og endurbótum á fóðurvörum og sérfræðingar fyrirtækisins gefa góð ráð um allt sem varðar fóðrun búfjár.

Hafið samband við okkur og fáid upplýsingar um kjarnfóður, fóðursölt og fóðurblokkir.



FÓÐURBLANDAN

- gæði í hverri gjöf

Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á hrútasæði frá stöðinni hefst 2. desember og stendur til 21. desember. Sæðispantanir berist á netfangið sveinn@bssl.is deginum áður. Pantanir gegnum síma þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í 482 1920. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 480 1800, eða hjá Sveini Sigurmundssyni í síma 480 1801 og 894 7146. Fax er 480 1818. Vefsíða er www.bssl.is og þar má finna hrútaskrána. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og eðlilegt að þær fari í gegnum búnaðar-samböndin.

1. Verð á sæði. Sæðisskammturinn í eina á mun kosta kr 350,-. Magnafsláttur sem nemur 10 % er veittur þegar fjárræktarfélagin sjá um pantanir og skipulagningu heima fyrir og eða þegar 100 ær eða fleiri eru sæddar hjá einstökum bændum. Sama verð er fyrir frosið sæði. Ekki verða afgreiddar pantanir í færri en 3 ær. Verð á samstillingsvömpum miðað við 20 svampa í pakkningu eru 234 kr á stykki. Verð á sæðingu fyrir utan akstur gæti verið á bilinu 160 kr til 200 kr á kind. Öll verð eru án vsk. Gera skal upp fyrir jól og í allra síðasta lagi fyrir áramót.


2. Leiga á sæðingataekjum. Þegar fjárræktarfélag sjá um skipulag sæðinga mun Sauðfjársæðingastöðin útvega sæðingataeki endurgjaldslaut, að öðrum kosti verða þau leigð fyrir kr. 2.000,-. Sæðingataeki verða til sölu hjá stöðinni í haust meðan birgðir endast.

3. Skipulag sæðinga. Lágsveitir verða fyrstu 4 dagana, Skaftárhreppur og hluti Rangárvallasýslu næstu 4 daga og að lokum uppsveitir Árnassýslu. Eftirspurn eftir sæði hefur breyst og færst fram og var mest í kringum 10 des. síðustu 2 ár

A. Frá 9.-12. des. Mýrdalur, Eyjafjöll, Landeyjar, Hvolhreppur, Djúparhreppur, Ásahreppur, og Flói.

B. Frá 13.-16. des. Skaftárhreppur, Fljótshlíð, Rangárvellir og Holta og Landsveit. Hrútasæði verður ekki afgreitt á önnur svæði dagana 13.og 14. des.

C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnassýslu og vestan Ölfusár.



4. Sæðinganámskeið. Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið þann 5. desember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.30. Reyndir sæðingamenn eru velkomnir.

Á síðasta ári voru 16.828 ær sæddar með sæði frá stöðinni. Fryst sæði innanlands í 2.735 ær. Fryst sæði til U.S.A í 300 ær og ferskt sæði í 13.793 ær. Árangur með frysta sæðinu er afar misjafn en kemur út með 50 % að jafnaði. Góður árangur sumra bænda með fryst sæði gefur tilefni til að ætla að heildarárangur megi bæta. Nú liggja fyrir pantanir í fryst sæði í um 2.000 ær.

Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti.

Sveinn Sigurmundsson

Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands er starfrækt af Búnaðarsamtökum Vesturlands (BV). Útsending sæðis frá stöðinni mun byrja 1. desember og standa til 22. desember, þó ekki laugardaginn 3. og sunnudagana 4., 11. og 18.

Dreifing sæðis og dagsetning sæðinga eru ákveðin í samráði við ráðunauta viðkomandi svæða sem sjá síðan um frekari kynningu, hver á sínu starfssvæði. Djúpfrost sæði verður notað á ákveðnum svæðum og því eðlilega minni notkun á fersku sæði þar.

BV munu ekki verða með umsýslu á samstillingarsvömpum og ísetningu þeirra. Þeir sem vilja nota slíkt á starfssvæðinu verða að snúa sér beint til dýralækna.

Pantanir á sæði og óskir um notkun einstakra hrúta verða í síðasta lagi að berast fyrir kl. 14:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu í síma 437 1215 hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands, fax 437 2015 eða netfang bv@bondi.is. Nauðsynlegt er að hrútar til vara séu einnig nefndir. Reynslan hefur sýnt að sumir hrútar njóta þvífíkra vinsælda að pantanir á sæðisskömmtum úr þeim geta orðið allt að tvö- eða þrefalt það sem hrúturinn gefur þann daginn. Ljóst er að í slíkum tilfellum er vonlaust að afgreiða sæði svo öllum líki, því er nauðsynlegt að panta varahrúta eins og áður var nefnt. Hrútaval á stöðvunum er orðið það gott að skynsamlegt er að dreifa notkun á nokkra hrúta, sæða jafnvel meira og fá meira úrval. Stundum passa hrútar misvel í hjarðir og því betra að dreifa notkun af þeirri ástæðu einnig.

Vinnureglur á Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands eru þær að þau svæði sem hafa forgang viðkomandi dag njóta forgangs á vinsælustu hrútana í sama hlutfalli og pantanir viðkomandi svæðis eru í heildar-pöntun dagsins.

Ef séð er að nýting verði léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það til skrifstofu BV., fyrir kl. 9 að morgni sæðingadags svo sæðið geti nýst öðrum.

Gjaldskrá fyrir sæði og sæðingar verður með tvennum hætti:

1. Sæðingamenn á vegum BV. Innheimt verður gjald fyrir sæði sbr. að neðan auk vinnu skv. eftirfarandi gjaldskrá, (án vsk):

- Til bænda á starfssvæði BV 2.800 kr./klst.
- Til annarra en bænda (ekki búnaðargjaldsgreiðendur eða félagsmenn BV) 7.000 kr./klst.

2. Sæði selt beint frá stöð eða hjá sæðingamönnum BV. Aldrei er rúkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverjum skammti (án vsk.) er eftirfarandi:

- Til bænda á starfssvæði BV 350 kr./sk.
- Til annarra en bænda (ekki búnaðargjaldsgreiðendur eða félagsmenn BV) 875 kr./sk.
- Til bænda, búnaðarféлага og sauðfjárræktarféлага sem annast sjálf pantanir, innheimtu og dreifingu, lágmark 100 skammtar. 315 kr./sk.

Skila skal sæðingadagbókum til uppgjors fyrir áramót eða skrá sæðingar í töflu sem er aðgengileg á heimasíðu BV, www.buvest.is að öðrum kosti reiknast 10 % álag.

Af góðri reynslu er gert ráð fyrir að allar pantanir og innheimta fari í gegnum búnaðarsambönd eða leiðbeiningaþjónustur á hverju svæði.

Búnaðarsamtök Vesturlands

**SNAP TAG
LAMBAMERKI****DALESMAN MINI
LAMBAMERKI****LEAF
FJÄRMERKI****ULLAR- OG KLAUFA
KLIPPUR****JÚGURKLIPPUR****KÚA, HROSSA OG
RÚNINGSKLIPPUR****BARKAKLIPPUR****SUPERSHEAR
KAMBAR OG HNÍFAR****BURÐARLYKJUR
OG BÖND****SUPERLUBE
SLEIPIEFNI****TÚTTUR****LAMBAPELAR****KÁLFAPELAR****GJAFAFÖTUR****ORMALYFJA-
SPRAUTUR****BÓLUSETNINGAR-
SPRAUTUR****MERKILÍTIR
Á ÚÐABRÚSUM****ROTA-STIK
VAXLITIR****MERKILÍTIR
OG PENNAR****FJÁRSTAFIR****SAUÐFJÁRVOGIR****VELTIBÚR FYRIR
SAUÐFÉ**

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2005

Reynsla hefur þegar staðfest að með þeirri breytingu sem hægt var að koma fyrsta sinni til framkvæmda haustið 2000 að mega velja hrúta inná stöðvarnar á grundvelli sérstakra afkvæmarannsókna úrvalshrúta var stigið mikið framfaraspor í vali hrúta fyrir stöðvarnar. Með því að fá úrvalshrúta í beinan samanburð þeirra á milli fæst miklu öruggara mat á þá en mögulegt er í lokuðum hópi, stundum á frekar litlum búum. Hér á eftir er fjallað um rannsóknirnar sem voru gerðar haustið 2005 og afrakstur þeirra.

Hyrndir hrútar

Eins og áður var umfangsmikil afkvæmarannsókn gerð á hrútum fjárræktarbúsins á Hesti. Búið er nú opið gagnvart samskiptum innan fjárskiptahólfins og var því ákveðið að taka í þessa rannsókn á hverju ári úrvalshrútu úr hólfinu. Lömbin á Hesti voru mjög væn haustið 2005 og niðurstöður glæsilegri en áður. Rannsóknin skilaði því miklu fyrir stöðvarnar. Hrúturinn sem kom til keppni sem er Kjalvar 02-943 var valinn til notkunar á stöð. Þá kom þaðan Mímir 04-951 sem sýndi bestu flokkun fyrir gerð sem nokkur hrútur hefur gert í rannsóknum á Hesti til þessa. Þriðji hrúturinn er Gaddur 04-950 sem sýndi mjög mikla kosti að öllu leyti, en hann er þriðja kynslóð hrúta sem kemur á stöð á þremur árum í beinan karlegg. Fjórði hrúturinn er Bramli 04-952 sem virðist búa yfir einstökum hæfileikum til lítillar fitusöfnunar þó að mat afkvæma hans um gerð sé verulega lakara en hjá hinum hrútunum.

Á Hofsstöðum á Snæfellsnesi var rannsókn sem í voru 12 hrútar af Snæfellsnesi. Þar var einn hrútur Virki 02-941 sem er frá Hofsstöðum sem sýndi það skýra og afgerandi yfirburði að ákveðið var að taka hann til notkunar á stöð. Auk þess hefur sá hrútur frábæra reynslu frá fyrri árum.

Á Þóroddsstöðum í Hrutafirði voru átta heimahrútar í rannsókn. Á grunni niðurstaðnanna úr rannsókninni og fyrri reynslu var þaðan valinn Oddur 02-942 til notkunar á stöð.

Umfangsmesta rannsóknin síðari ár hefur ætíð verið í Norður-Þingeyjarsýslu þar sem safnað er saman úrvalshrútum af svæðinu austan Jökulsár á Fjöllum til einnar rannsóknar, en þetta er þannig lang stærsta samfellda svæðið sem hægt er að velja þannig úr. Árið 2004 var rannsóknin unnin sameiginlega á tveimur búum. Ljóst var að þannig er mögulegt en að styrkja rannsóknina með að fá að sjá afkvæmi hrútana úr breytilegu

umhverfi sem ætíð verður á tveimur búum, þó að það hljóti að vísu um leið að leiða til að ekki fæst fullt samræmi milli búanna í niðurstöðum. Slík framkvæmd gefur samt tvímælalaust öruggari niðurstöðu til að dæma hrútana til jafn fjölbreyttrar notkunar og stöðvarhrútar fá. Þess vegna var ákveðið að endurtaka þetta form og var rannsóknin gerð að þessu sinni í Hafrafellstungu og Ærlæk í Öxarfirði. Samtals voru 15 hrútar í rannsókninni. Það virtist sem meginhluti kjarnahópsins í rannsókninni (völdu aðkomuhrútarir) væru ákaflega sterkur og jafn hópur öflugra kynbótahrúta. Mikið var af glæsilegum lömbum í afkvæmahópnum. Á grundvelli rannsóknarinnar og fyrri reynslu hrútanna voru valdir á stöð tveir hrútar, þeir Dregill 03-947 frá Hagalandi og Mangó 03-948 frá Presthólum.

Á Bjarnastöðum í Öxarfirði voru 14 heimahrútar í rannsókn, flestir veturgamlir. Lömbin í þessari rannsókn voru mörg feikilega vel gerð, en vænleiki ívið minni en stundum áður hefur verið á búinu. Þarna komu fram ákaflega athyglisverðir hrútar, en ákveðið var að leita frekari reynslu þeirra áður en þeir yrðu fluttir á stöð.

Líkt og um langt árabíl voru veturgömlu hrútarnir í Ytri-Skógum í rannsókn, að þessu sinni sjö, en það var eina rannsóknin þar sem ekki hafði farið fram arfgerðagreining hrútanna áður en rannsókn var gerð. Lömbin voru að vanda glæsileg en hrútarnir sem skiluðu öflugustu afkvæmahópnum féllu vegna óhagstæðrar arfgerðagreiningar þannig að þaðan fékkst ekki hrútur að þessu sinni.

Kollóttu hrútarnir

Aðeins ein rannsókn var gerð með kollóttu hrúta. Hún var nú unnin þriðja árið í röð í Stóra-Fjarðarhorni þar sem stór hópur úrvalshrúta úr Steingrímsfjarðarhólfinu var kominn til samanburðar. Samtals voru 14 hrútar í rannsókninni. Lömbin voru líkt og undanfarin ár ákaflega þroskamikil og mikið af ákaflega füngulegum úrvalslömbum í þessum hópum. Á grundvelli rannsóknarinnar voru valdir þrjú hrútar til notkunar á stöð og eru það Tumi 02-934 frá Miðdalsgröf, Múkki 03-936 frá Gautsdal (fæddur í Kambi) og Kútur 03-937 frá Heydalsá I.

Niðurstöður fyrir allar afkvæmarannsóknirnar nema á Hesti og allar eldri rannsóknir fyrir stöðvarnar er mögulegt að skoða á vefnum www.bondi.is.

Útrýming áhættuarfgerðar hjá íslensku sauðfé

Í tæpan áratug hefur verið þekkt að áhætta hjá sauðfé að veikjast af riðuveiki er háð arfgerð þess. Í prion-geininu eru þekktar mismunandi arfgerðir og sauðfé sýnir mismikla mótstöðu gagnvart sjúkdóminum eftir því hver arfgerð þess er.

Hrútar á sæðingastöðvunum hafa verið arfgerðagreindir og þær niðurstöður birtar í hrútaskrá. Snemma á árinu 2004 samþykkti Fagráð í sauðfjárrækt að stefnt skuli að því að útrýma svonefndri áhættuarfgerð hjá íslensku sauðfé. Fyrsta

skref í þeim aðgerðum er að ekki verða lengur teknir til notkunar á stöðvunum hrútar sem greinast með þá arfgerð.

Eins og staðan er nú þá er þessi arfgerð aðeins til staðar hjá sumum af eldri hyrndu hrútunum á stöðvunum. Um leið er ástæða til að benda á að nokkrir af hrútum á stöðvunum eru með mótstöðuarfgerð, sem tvímælalaust eitt og sér er ástæða til að veita þeim hrútum athygli.

Skýringar

Ómmæling: (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki - er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2mm minni vöðvaþykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum. Ómsjarmælingar á hrútunum sjálfum eru óleiðréttar.

Ullarlýsingar: Emma Eyþórsdóttir (skst. EE), sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, og Kristinn Arnþórsson (skst. KA), ullar-matsmaður, hafa skoðað og gefið umsögn um ull flestra sæðingahrúta og fylgir hún með lýsingu hrútanna.

Gerð: Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati afkvæma einstakra hrúta eru umreiknaðar í vægistuðla fyrir gerð. Vaxtar-lagsflokkunum er gefið eftirfarandi vægi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.

Fita: Á sama hátt eru gefnir vægistuðlar fyrir fituflokkun sem eru eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.

Kynbótamat (BLUP) fyrir gerð og fitu: Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 1998-2004. Því hærra sem kynbótamatið er því betra. Meðaltal er 100.

Úr skýrslum fjárræktarfélaganna: Vegna upplýsinga úr skýrslum fjárræktarfélaganna skal tekið fram að fyrir lömb er einkunn byggð á öllum lömbum. Einkunn um dætur hjá stöðvarhrútum er hins vegar aðeins byggð á dætrum þeirra frá árinu 2004, en ef upplýsingar eru úr heimafélagi eru þær byggðar á öllum upplýsingum um dætur hrútsins sem fram hafa komið þar.

Litaerfðir: Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísium fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits:

1. Verndandi arfgerðir. Mjög litlar eða engar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
2. Hlutlaus arfgerð. Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
3. Verndandi og áhættuarfgerð. Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
4. Áhættuarfgerðir. Mikil eða mjög mikil hætta á riðu. Finnast marktækt oftast í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því um hvora arfgerðina er að ræða.

Heiniger

Hef til sölu

*Fjárklippur, kúaklippur, hestaklippur,
brýnsluvélar, kamba og hnífa.*

*Stilli handföng á barkaklippum.
Brýni kamba og hnífa.*

Guðmundur Hallgrímsson

Hagatúni, Hvanneyri

311 Borgarnesi

Sími 437 0099 eftir kl. 19,30.

Sauðfjársæðingar

Þorsteinn Ólafsson

Inngangur

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir mínar fyrir nokkrum árum sýndu að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar var á stærstu fjárbúunum og þar sem aðeins voru fáar ær. Ég dreg þá ályktun af því að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri í sæðingunum

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum mæli ég með eftirfarandi aðferð.

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegis og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-7 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark.

Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Samstillingar

Margir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga.

Vinnulagsreglur

Sæðingar: Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos 30 - 36 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

Samstillt og sætt á öðru gangmáli. Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8.

Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.



Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands árið 2005 - 2006


HYRNDIR HRÚTAR

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
1999	49	-	-	108	28/2/4(H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	16,5	8,0	8,0	8,5	82,5
2000	72	-	-	115	32/3/4(H)	8,0	7,5	9,0	8,0	9,0	17,0	8,0	8,0	8,0	82,5

Trassi

frá Norðurhjáleigu, Álftaveri



MMF: Glói 88-927, MMF: Álfur 87-910.

Trassi 99-925		2005
LAMBRÚTASKODIN	Fjöldi	52
	Pungi	48
	Fótleggur	109
	Læri	17,1
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	27,1
	Ómfita	3,4
Lögun	3,6	
KJÓTMAT	Fjöldi	BLUP 149
	Gerð	128
	Fita	89
	Heild	105
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	171
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðarár	17
	Frjósemi	+29
	Einkunn	112

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fríður haus, fínhyrndur með gott hornalag. Hálsinn sver og herðarnar kúptar og vel fylltar. Útlögur góðar. Sterkt og vöðvað bak. Malir vel holdfylltar og lærvöðvinn vel lagadur. Sterklegir fætur. Lágfætt og fremur bollöng kind.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum. Gul hár ekki að finna í reyfi.



Engin svört hár fundust. Ullarsnoðinn og ullarmagn undir meðallagi enda kominn á efri ár.

Reynsla: Trassi var lengstum notaður í lítill hjörð í Norðurhjáleigu. Í þeim litla lambahópi sem þar var undan honum á hverju ári komu fram feikilega vel gerðir og athyglisverðir einstaklingar og flokkun sláturlamba undan honum fyrir gerð var frábær en fitumat breytilegt. Trassi var nokkuð notaður veturinn 2004 í sæðingum og komu fram við skoðun lambhrúta haustið 2005 undan honum talsverður fjöldi af glæsilegum hrútlömbum sem sýna að hann gefur ákaflega góða gerð meðal afkvæma sinna.

Viss reynsla er komin á dætur Trassa og gefur hún ástæður til að ætla að hann sé öflugur ærfaðir.

Rétt er að benda á þann kost Trassa að hann er einn af fáum stöðvahrútum sem hefur mótstöðuarfgerð vegna riðuveiki.

Litaerfðir: Trassi er arfhreinn hvítur


Arfgerðargreining v/riðusmits: Verndandi.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	58	87	21,0	112	30/3/4(S)	8,0	8,5	9,5	9,0	9,0	18,0	7,5	8,0	8,5	86,0
2001	95	107	24,5	117	33/4/4(S)	8,0	8,5	9,0	8,5	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	85,0

Moli

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



MMF: Hörvi 92-972



Lýsing: Moli er hvítur, hyrndur. Háls og herðar eru mjög vel

	Moli 00-882	2003	2004	2005
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	123	169	85
	Pungi	49	48	48
	Fótleggur	111	110	107
	Læri	17,0	17,0	17,5
	Ull	7,8	7,7	7,9
	Ómvöðvi	27,9	28,3	28,2
	Ómfita	3,1	3,0	3,0
Lögun	3,8	3,8	3,7	
KJÖTMAT				BLUP
	Fjöldi			617
	Gerð			120
	Fita			109
Heild			113	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*				
LÖMB	Fjöldi			1063
	Einkunn			102
DÆTUR	Afurðaaár			143
	Frjósemi			+5
	Einkunn			106

holdfyllt og bringa er áberandi víð aftur. Holdfylling í baki, mölum og lærum með því besta sem finnst. Fótstaða er rétt. Moli er fremur bollangur og fádæma þéttholda kind.

Ullarlýsing EE: Gulur á fótum og aðeins í hnakka. Gul hár hér og þar í reyfi, ekki áberandi. Engin

svört hár í ull. Fremur ullarlítill, þelið þétt, stutt og sumstaðar hrokkið. Ullin mjög toglítill en togið mjög fingert.

Reynsla: Moli vakti strax veturgamall mikla athygli fyrir einstaka kosti hjá afkvæmum sínum sem til skoðunar komu á Hjarðarfelli og það endurtók hann árið eftir. Hann fer nú til notkunar fjórða árið á stöð þannig að verulega reynsla er kominn á hann gegnum sæðingar. Hann hefur á hverju hausti verið að skila einna hæst stiguðustu hrútlömbunum sem komið hafa til skoðunar undan einstökum hrútum. BLUP matið sýnir að hann gefur feikilega góða gerð hjá sláturlömbum og fitumatið er hagstætt þó að hann keppi ekki við allra öflugustu hrútana þar.

Nokkur reynsla er komin á dætur Mola og bendir hún til þess að hann gefi ær sem séu í góðu meðallagi um frjósemi og mjólkurlagni.


Litaerfðir: Moli er arfhreinn hvítur

Arfgerðargreining v/riðusmits: Áhættuarfgerð.

Hrútaskráin er á www.bsll.is

Otur

Frá Leirhöfn á Sléttu
(keyptur frá Reistarnesi á Sléttu).



MFFF: Sveppur 78-821, MFMF: Lopi 84-917.

Heimtist seint lamsárið og var ekki skoðaður þá, skröpaði veturgamall á hrútasýningu.

Lýsing: Hvítur með fremur stuttan og fríðan haus, gleiðhyrndur með fremur fínleg horn. Stuttur háls og sver, en herðar aðeins í herra lagi. Útlögur vel í meðallagi. Þykkt bak og vel vöðvaðar malir og þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Bollengd í meðallagi og samsvarar sér ágætlega.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus, fótum og dindli og strjál gul hár á belg. Ekki

	Otur 00-910	2004	2005
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	74	75
	Pungi	45	48
	Fótleggur	110	110
	Læri	16,8	17,0
	Ull	7,8	7,9
	Ómvöðvi	27,5	27,7
	Ómfita	3,5	3,4
Lögun	3,7	3,7	
KJÖTMAT			BLUP
	Fjöldi		558
	Gerð		127
	Fita		108
Heild		116	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		360
	Einkunn		104
DÆTUR	Afurðaaár		46
	Frjósemi		+13
	Einkunn		108

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.



fundust svört hár. Ull í meðallagi að magni, þelið þétt og togið fínt.

Reynsla: Otur var í Reistarnesi þar sem hann var notaður fyrstu árin að skila afburða niðurstöðum úr kjötmati. Hann var í stórrí rannsókn vegna stöðvanna haustið 2003 á Bjarnastöðum þar sem gerð lamba undan honum var einstaklega góð, en niðurstöður úr fitumati aðeins misvísandi. Lömb undan honum sem komu til slátrunar haustið 2004 víða um land sýndu hins vegar að Otur er mjög sterkur kynbótahrútur með tilliti til kjötmatseiginleika, bæði gerðar og fitu. Otur hefur ekki verið mikið notaður þau tvö ár sem hann hefur verið á stöð en undan honum hefur samt komið talsvert af úrvalsgóðum hrútlömbum til skoðunar. Nokkur reynsla er komin á heimabúi á Otur sem ærföður og bendir hún eindregið til að í þeim efnum megi vænta góðs af honum. Líkt og faðir hans hefur Otur mótstöðuarfgerð vegna riðuveiki.

Litaerfðir: Otur er arfhreinn hvítur


Arfgerðargreining v/riðusmits: Verndandi.

Mál og stígun, lamb og veturgamall


Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	54	81	20,0	111	27/3/4(S)	8,0	8,0	8,0	8,0	8,5	17,0	7,5	8,0	8,5	81,5
2001	92	103	24,5	122	30/4/3(H)	8,0	8,5	8,5	8,0	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,0

Snúður

frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.



MFF: Fóli 88-911, MMFF: Sindri 80-834.



00-911

Lýsing: Hvítur með fremur stuttan og þröttlegan haus, hornin í grófara lagi.

Snúður 00-911		2004	2005
LAMBRÚTASÖGUN	Fjöldi	83	72
	Pungi	48	50
	Fótleggur	111	111
	Læri	16,9	17,0
	Ull	7,9	8,0
	Ómvöðvi	27,8	26,9
	Ómfita	3,3	2,9
Lögun	3,7	3,7	
KIÖTMAT			BLUP
	Fjöldi		357
	Gerð		119
	Fita		107
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFELAGANNA*			
	LÖMB		
	Fjöldi		373
	Einkunn		105
DÆTUR	Afurðaár		112
	Frjósemi		-1
	Einkunn		105

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

Sver háls en vottar fyrir grófleika um herðar. Bringan breið og útlögur góðar. Bak sterkt og vel holdfyllt og malir mjög breiðar og vel vöðvaðar. Lærvöðvinn mjög þykkur og vel lagaður og fyllir ágætlega í krikann. Bollengd í meðallagi. Hörkuleg kind.

Ullarlýsing EE:

Örlítið gulur á fótum og nokkuð um gul

hár á mölum. Ekki fundust svört hár. Ullarmagn í góðu meðallagi. Mikið gróft en hrokkið tog.

Reynsla: Snúður vakti strax veturgamall athygli fyrir að skila afbragðsvel gerðum og öflugum afkvæmum. Hann stóð þá efstur hrúta í afkvæmarannsókn á heimabúi með 125 í heildareinkunn. Áfram skilaði hann mjög athyglisverðum lömbum sem ekki hvað síst vöktu athygli fyrir feikilega mikil lærahold. Hann kom til notkunar á stöðvunum árið 2003. Í þeim tveim árgöngum lamba sem komið hafa til skoðunar hafa áður nefndir kostir hans komið mjög greinilega fram. Hrútlömbin undan honum hafa verið talsvert breytileg en meðal þeirra feikilega öflug lömb.


Sú reynsla sem komin er um dætur Snúðs bendir til að það séu ær sem sýni frjósemi nálægt meðaltali en að þær séu ágætlega mjólkurlagnar.

Litaerfðir: Snúður er arfhreinn hvítur.**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Verndandi.**Mál og stígun, lamb og veturgamall**

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	52	-	-	113	31/3/5(H)	8,0	7,5	8,5	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,5	83,5
2001	101	-	-	123	39/7/4(H)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	83,5

Toppur

frá Þykkvabæ III, Landbroti



MFF: Þéttir 91-931.



00-926

Toppur 00-926		2005
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	74
	Þungi	48
	Fótleggur	110
	Læri	17,2
	Ull	7,7
	Ómvöðvi	27,2
	Ómfita	3,4
	Lögun	3,8
		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	380
	Gerð	126
	Fita	105
	Heild	113
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	369
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðaaár	60
	Frjósemi	-4
	Einkunn	97

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn stuttur og hornalagið gott. Hálsinn sver og herðarnar kúptar en aðeins vantar á fyllingu aftan bóga. Góðar útlögur. Sterkt og vel fyllt bak. Malir kúptar og vel vöðvafylltar.

Þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Fótstaða góð, rétt og sterkleg. Jafnvaxin og vel gerð kind.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum. Gul hár sjást víða í reyfi, aðallega aftan til. Engin svört hár fundust. Togið meðalfínt, heldur grófara í baki og stutt. Þelið jafnt og prýðilega þykkt.

Reynsla: Toppur var árið 2004 tekinn til notkunar á stöð á grundvelli einstaklega glæsilegra niðurstaðna úr kjötmati sláturlamba undan honum í Þykkvabæ III. Þar hafði hann verið feikilega mikið notaður þannig að um mjög traustar niðurstöður var að ræða. Einkum voru yfirburðir í mati um gerð ákaflega miklir en fitumatið einnig jákvætt. Þetta endurspeglast í niðurstöðum fyrir Topp í BLUP matinu. Haustið 2005 kom talsvert stór hópur lambhrúta undan honum til skoðunar vítt um land. Í þessum hópi var að finna fjölmarga föngulega hrúta, einkum voru lærahold margra þeirra mjög góð.

Nokkur hópur dætra hans er á heimabúi og tölulegar niðurstöður úr skýrsluhaldi sýna hann um meðaltal sem ærföður.

Litaerföir: Toppur er arfhreinn hvítur


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	43	81	19,0	112	28/2/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	16,5	9,0	8,0	8,0	83,0
2002	88	105	25,0	121	34/3/4(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	17,5	9,0	8,0	8,5	85,5

Hylur

frá Hesti, Borgarfirði



Lýsing: Hylur er hreinhvítur, hyrndur. Haus fríður. Hann er vel holdfylltur um herðar og útlögur í meðallagi. Bak og malir ákaflega vel vöðvafyllt. Lærvöðvi stinnur og vel lagaður. Fætur réttir og fótstaða góð. Hylur er bol-langur, frísklegur og áberandi harðholda hrútur.

Hylur 01-883		2003	2004	2005
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	315	302	314
	Þungi	47	47	48
	Fótleggur	112	110	112
	Læri	16,9	17,1	17,1
	Ull	8,0	8,0	8,1
	Ómvöðvi	28,8	29,0	28,5
	Ómfita	2,8	3,0	2,9
	Lögun	3,9	4,0	3,9
				BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi			1330
	Gerð			116
	Fita			134
	Heild			127
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*				
LÖMB	Fjöldi			1299
	Einkunn			105
DÆTUR	Afurðaaár			409
	Frjósemi			+1
	Einkunn			108

Hann er vel holdfylltur um herðar og útlögur í meðallagi. Bak og malir ákaflega vel vöðvafyllt. Lærvöðvi stinnur og vel lagaður. Fætur réttir og fótstaða góð. Hylur er bol-langur, frísklegur og áberandi harðholda hrútur.

Ullarlýsing EE:

Hreinhvítur og engin svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið meðal fínt, jafnt nema heldur styttra í baki.

Reynsla: Hylur kom veturgamall til notkunar á stöðvunum eftir mjög athyglisverðar niðurstöður í afkvæmarannsókninni á Hesti haustið 2002. Hann hefur síðan verið meira notaður til sæðinga þau þrjú ár sem hann hefur verið á stöðvunum en aðrir hrútar. Upplýsingar hafa því fengist um gífurlegan fjölda afkvæma hans þannig að hann er í dag einn reyndasti kynbótahrútur landsins. Eiginleikar hans til lítillar fitusöfnunar eru einstakir. Hann gefur einnig feikilega þykkar og vel lagaðan bakvöðva hjá afkvæmum sínum og mjög góð lærahold. Feikilegan fjölda ungra afbragðshrúta er að finna undan honum um allt land þannig að úrvalshrútar undan honum munu brátt koma til nota á stöðvunum.

Mikil reynsla sem er að fást fyrir mikinn fjölda ungra dætra hans sýnir að frjósemi þeirra er nærri meðallagi en þetta virðast mjög góðar mjólkurær.

Litaerföir: Hylur er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Áhættuarfgerð.

Mál og stigun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	98	110	24,5	124	42/6/4(H)	8,0	8,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	8,0	86,5

Úði

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.



01-912

Lýsing: Hvítur með sveran og þróttlegan haus, gróf og kröpp horn. Örlítið háar herðar og feikilega breið bringa og miklar útlögur. Breitt og þykkt bak og langar, breiðar, mjög vel vöðvaðar malir. Fádæma þykkur, kúptur og vel lagaður lærvöðvi. Mjög bolangur með gríðargott samræmi í gerð.

Úði 01-912		2004	2005
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	269	254
	Pungi	48	48
	Fötleggur	110	111
	Læri	16,9	17,1
	Ull	7,8	7,8
	Ómvöðvi	27,9	27,7
	Ómfita	3,3	3,2
	Lögun	3,7	3,7
KJÖTMAT			BLUP
	Fjöldi		831
	Gerð		126
	Fita		109
Heild		116	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		1160
	Einkunn		103
DÆTUR	Afurðaaár		25
	Frjósemi		+21
	Einkunn		107

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi, þelið þykkt og togíð fremur fínt. Hrokkinn ull.

Ullarlýsing EE:

Gulur á haus og fótum en lítið um gul hár í ull. Engin

Reynsla: Úði vakti strax haustið 2002 verulega athygli þegar hann var dæmdur sem einstaklingur besti veturgamli hrúturinn í Norður-Þingeyjarsýslu. Haustið 2003 kom hann síðan á stöð á grundvelli niðurstaðna úr feikilega umfangsmikilli afkvæmarannsókn vegna stöðvanna á Bjarnastöðum þar sem hann var með 138 í einkunn úr kjötmatsþætti rannsóknarinnar. Síðastliðin tvö haust hafa feikilega margir lambhrútar undan Úða komið til ómsjarmælinga og skoðunar. Meðal þeirra hefur verið mikill fjöldi ákaflega glæsilegra lamba, bollöng, vöðvastælt og vel gerð. Hann býr því óumdeilanlega yfir miklum kjötgæðaeiginleikum.

Reynsla dætra hans af heimaslóð bendir eindregið til að Úði sé einnig góður ærfaðir.

Litaerfðir: Úði er arfhreinn hvítur.



Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	50	82	20,0	108	27/2/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	8,5	18,0	8,0	8,0	8,0	84,0
2002	87	105	25,0	120	33/5/3(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	84,5

Eldar

frá Hríshóli, Eyjafirði.



01-922

FFF: Ljóri 95-828, MMF: Klettur 89-930, FMFF: Gosi 91-945.

Eldar 01-922		2005
LAMBHRÚTASKOBUN	Fjöldi	171
	Pungi	48
	Fótleggur	110
	Læri	17,0
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	26,3
	Ómfita	2,9
Lögun	3,6	
KJÓTMAT		BLUP
	Fjöldi	105
	Gerð	109
	Fita	120
	Heild	116
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	74
	Einkunn	96
DÆTUR	Afurðaar	14
	Frjósemi	+15
	Einkunn	105

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Skarp-leitur með fremur þröngan horna-garð. Breiðar og ákaflega holdfylltar herðar, útlögur fádæma miklar. Bringan breið. Sterkt og kúpt bak og breiðar, vel vöðvaðar malir. Lærvöðvinn feikilega breiður og þykkur. Sterkleg fótstaða og gleið. Bollöng og hörku-leg kind.

Ullarlýsing EE: Fölgulur á haus og fótum en engin gul hár í reyfi. Engin svört hár fundust. Fremur ullarþunnur og ullin gisin. Togið í meðallagi langt og ríflega meðalgróft.

Reynsla: Eldar var fenginn til nota á stöð árið 2004 og var þar mest horft til jákvæðrar reynslu afkvæma hans frá heimabúi en þar hafði hann gefið mjög góð sláturlömb eins og niðurstöður úr BLUP kynbótamatinu sýna. Um leið er rétt að benda á að hann er talsvert fjarskyldur miklum hluta hyrnu hrútanna á stöðvunum í dag. Mikill fjöldi lambhrúta undan Eldari komu til skoðunar haustið 2005. Þetta voru yfirleitt mjög fönguleg lömb á velli, bollöng, útlögugóð með góð lærahold en mörg þeirra ollu vonbrigðum vegna of lítillar bakvöðvaþykktar en voru fitulítill.

Takmörkuð reynsla af dætrum Elds gefur góð fyrirheit um hann sem góðan ærföður.


Litaerfðir: Eldar er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall															
Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	40	-	-	110	30/3/3(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,0	8,0	8,0	8,0	83,5
2003	84	103	23,0	118	37/8/4(S)	8,0	8,5	8,5	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,5

Lómur

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn er fingerður. Vel holdfylltur um herðar, bolurinn sívalur. Holdgróið, kúpt og breitt bak. Ákaflega vel vöðvafylltar malir. Lærvöðvinn mjög þykkur og áberandi góður innanlærisvöðvi. Fótstaða góð. Gríðarlega harðholda og vel gerður hrútur.

Lómur 02-923		2005
LAMBHRÚTASKOBUN	Fjöldi	261
	Pungi	47
	Fótleggur	109
	Læri	17,1
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	28,8
	Ómfita	3,3
Lögun	3,8	
KJÓTMAT		BLUP
	Fjöldi	84
	Gerð	133
	Fita	126
	Heild	129
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	68
	Einkunn	104
DÆTUR	Afurðaar	7
	Frjósemi	-7
	Einkunn	101

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

magn í góðu meðallagi. Togið jafnt og meðalfínt.

Reynsla: Lómur var tekin til notkunar á stöð haustið 2004 á grundvelli niðurstöðu úr afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu. Niðurstöður fyrir sláturlömb undan honum þá og árið áður skiluðu honum í eitt allra efsta sæti hrúta í landinu í BLUP kynbótamati um kjötgæði. Feikilega mikill fjöldi lambhrúta undan Lómi kom til skoðunar og mælinga vítt um land haustið 2005 og renndu þeir enn frekari stöðum undir gríðarlega mikla kosti hans með tilliti til kjötgæða. Hópurinn undan honum mældist með þykkari bakvöðva en undan nokkrum öðrum stöðvarhrút og mikill fjöldi þessara lamba var frábær að allri gerð. Segja má að enn sé Lómur að mestu óráðinn sem ærfaðir en vegna ungs aldurs er ekki komin nein teljandi reynsla á dætur hans.

Litaerfðir: Lómur er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	45	--	--	108	28/3/4(S)	8,0	7,5	8,5	9,0	9,0	17,0	7,5	8,0	8,0	82,5
2003	84	102	24,0	114	32/5/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	9,0	17,0	7,5	8,0	8,0	82,5

Virki

frá Hofsstöðum, Snæfellsnesi.



MFF: Galsi 93-963, MMF: Bjálfi 95-802.

Lýsing: Hvítur og vel hyrndur. Svipmikill og fríður haus. Ákaflega útlögumikill með góða frambyggingu. Mjög vel holdfylltar malir og kúptur og þykkur lærvöðvi. Fótsaða góð. Í meðallagi bollöng og fríð kind á velli.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, talsvert um gul hár í reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmagn í góðu meðallagi. Ullin meðalfin.

Virki 02-941		
KIÖTMAT	Fjöldi	BLUP 76
	Gerð	123
	Fita	112
	Heild	116
	ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*	
LÖMB	Fjöldi	92
	Einkunn	105
DÆTUR	Afurðaár	6
	Frjósemi	-17
	Einkunn	95

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Reynsla: Í móðurætt er Virki ættaður úr fénu á Hofsstöðum sem hefur sterkari áhrif frá Hestsfénu en fé á flestum búum landsins. Virki vakti strax verðskuldaða athygli veturgamall þegar hann stóð lang-



efstur í afkvæmarannsókn á heimabúi með 142 í heildareinkunn fyrir glæsilegan lambahóp. Hann endurtók leikinn haustið 2004 þegar heildareinkunn hans var 136. Haustið 2005 var hann enn í rannsókn á Hofsstöðum en hún var sett upp fyrir stöðvarnar þar sem hann atti kappi við topphrúta á Snæfellsnesi. Þeir urðu að lúta í lægra haldi fyrir honum en þar sýndi hann hliðstæða yfirburði og áður, var með 136 í heildareinkunn miðað við hrútlömb og 128 fyrir gimbrar. Áberandi var að nánast öll úrvalshrútsfæni sem fram komu í rannsókninni voru synir hans.

Mjög takmörkuð reynsla dætra hans gefur ekki nein sérstök fyrirheit í þeim eignum enn sem komið er. Móðir hans var einlembd gemlingurinn en síðan tvílembd og vænleiki lamba hennar í tæpu meðallagi og er hún með 4,1 afurðastig.

Litaerfðir: Virki er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	50	--	--	111	32/3/4(S)	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	85,5

Oddur

frá Þóroddsstöðum, Hnútafirði.



MFF: Freyr 84-884.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fremur þröttlegur haus. Stuttur og sver háls og góðar útlögur. Góð vöðvafylling í baki, mölum og lærum. Fótstaðan góð. Bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, ekki gul hár í reyfi og engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi. Fremur ullarstuttur í baki og ullin frekar fíngerð.

Oddur 02-942		BLUP
KIÖTMAT	Fjöldi	88
	Gerð	135
	Fita	102
	Heild	115
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	117
	Einkunn	95
DÆTUR	Afurðaár	9
	Frjósemi	+2
	Einkunn	102

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Reynsla: Oddur (hét Toppur á heimabúi) vakti strax veturgamall athygli þegar hann stóð efstur í afkvæmarannsókn á búinu með 130 í heildar-einkunn.

Meðaltal úr mati sláturlamba fyrir gerð undan honum var þá 11,3. Haustið 2004 sýndi hann enn yfirburði í rannsókn, nú með 115 í heildareinkunn. Hrutarnir á Þóroddsstöðum voru síðan haustið 2005 í rannsókn vegna stöðvanna. Þar var staðfest að niðurstöður fyrri ára voru engin tilviljun, hann stóð þar enn efstur og gagnvart kjötmati var það sonur hans sem veitti honum mesta keppni. Við skoðun lamba voru yfirburðir afkvæma hans í læraholdum áberandi og hann var að skila mörgum verulega efnilegum hrútsefnum.

Enn er takmörkuð reynsla fengin á Odd sem ærföður en sú litla sem komin er gefur góðar væntingar. Móðir hans var einlembd gemlingurinn og einnig árið sem hún átti Odd (þá sædd) en annars tvílembd. Vænleiki lamba hennar um meðaltal á búinu og hafði hún 4,8 afurðastig.

Litaerfðir: Oddur er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	47	81	19,0	104	28/3/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	9,0	17,0	7,5	8,0	8,5	83,0
2003	80	-	-	115	32/4/5(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	17,5	8,0	8,0	8,0	84,0

Kjalvar

frá Kjalvararstöðum, Reykholtisdal.



MFF: Moli 93-986, MMF: Möttull 94-827.

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Hausinn er sver. Sívalur bolur og vel holdfylltar herðar. Breitt og þykkt bak og mjög vel vöðvaðar malir. Þykkur og mjög vel lagaður lærvöðvi. Fótstaðan sterkleg. Falleg kind sem samsvarar sér mjög vel.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum en ekki gult í reyfi, engin svört hár fundust. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Hrokkið, fremur stutt og gróft tog.

Kjalvar 02-943		BLUP
KIÖTMAT	Fjöldi	94
	Gerð	127
	Fita	113
	Heild	119
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	94
	Einkunn	104
DÆTUR	Afurðaár	5
	Frjósemi	+25
	Einkunn	104

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Reynsla: Kjalvar (sem hét Lóði á heimabúi) vakti athygli haustin 2003 og 2004 fyrir afbragðsgóða flokkun á sláturlömbum undan honum um leið og hann skilaði mörgum feikilega vel gerðum ásetningslömbum.



Þegar ákveðið var að fara að velja úrvalshrúta úr fjárskiptahólfinu til þátttöku í afkvæmarannsókninni á Hesti varð hann því fyrstur hrúta þar úr héraði fyrir valinu. Hrutlömbin undan honum haustið 2005 í afkvæmarannsókninni á Hesti voru heldur undir meðaltali í fallþunga, 16,3 kg að jafnaði. Meðaltal úr mati um gerð reyndist 10,2, nokkuð yfir meðaltal rannsóknarinnar og fitumatið 6,0 eða eitt það besta og hlutfall matsþátta 1,86 var það næstbesta í rannsókninni. Aðeins einn gimbrahópur í rannsókninni var með herra meðaltal um bakvöðvaþykkt en dætur Kjalvars.

Mjög takmörkuð reynsla dætra hans lofar góðu þar um. Móðir hans var einlembd gemlingsárið og tvævetlan en síðan tvílembd, hefur skilað mjög vænum lömbum og er með 7,2 afurðastig.

Litaerfðir: Kjalvar er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	-	-	-	115	28/5/4(H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	16,5	9,5	8,0	8,0	83,5
2004	-	-	-	-	28/2/3(H)	8,0	8,0	8,5	8,0	8,5	16,5	9,5	8,0	8,0	83,0

Kári

frá Steinholti, Austur-Héraði.



FFF: Peli 94-810, FFMF: Njörður 92-994,
FMMF: Mjaldur 93-985.



Kári 03-908		2005
LAMBRÚTASKEIÐJUN	Fjöldi	2
	Pungi	48
	Fótleggur	117
	Læri	16,8
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	26,6
	Ómfita	3,3
Lögun	3,5	
KLÖTMA		BLUP
	Fjöldi	7
	Gerð	97
	Fita	96
	Heild	96
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	10
	Einkunn	97
DÆTUR	Afurðaar	
	Frjósemi	
	Einkunn	

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fríður haus og hornalag gott. Ágætis holdfylling um herðar og útlögur góðar. Bakið átökugott. Malir fremur breiðar og vöðvaðar. Lærahold í góðu meðallagi. Rétt fótstaða. Í meðallagi bollöng kind en fönguleg á velli.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur. Reyfið er jafnt,

togið hrokkið og mjúkt. Ullin er mjúk og vel gljáandi. Ullarmagn vel yfir meðallagi.

Reynsla: Lítil reynsla er komin á Kára. Hann var tekinn á stöð til kynbóta á ullargæðum íslenska fjárins og gefur sem slíkur góð fyrirheit. Hann er kominn af hinum þekktu fjárstofni á Freyshólum og líklega eini eftirlifandi einstaklingurinn af þeim stofni. Undan Kára komu aðeins tvö hrútlömb til skoðunar haustið 2005.

Kári er að sjálfsgöðu óreyndur sem ærfaðir en móðir hans er frjósöm afurðær.

Litaerfðir: Kári er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvít.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2004	84	-	-	118	33/3/5(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0

Kuldi

frá Hesti, Borgarfirði



MFF: Sekkur 97-836, móðir Kulda er hálsystir Lóða 00-871.



Kuldi 03-924		2005
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	269
	Pungi	45,2
	Fótleggur	110
	Læri	17,1
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	28,8
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,0
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	35
	Gerð	130
	Fita	116
	Heild	122
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	50
	Einkunn	94
DÆTUR	Afurðaar	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn fremur smágerður, aðeins snoppugrannur. Kúptar og vel fylltar herðar. Bolurinn sívalur og útlögur góðar. Kúpt og breitt bak. Breiðar og vel lagaðar malir. Lærvöðvinn vel lagaður og þykkur. Fótstaða góð. Jafnvaxinn og í meðallagi bollangur.

Ullarlýsing EE: Gulur í hnakka og á fótum. Gul hár á mölum og aftan til í reyfi. Einn svartur blettur á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Togið stutt en fingert. Reyfið jafnt.

Reynsla: Kuldi var tekinn á stöð haustið 2004 á grundvelli niðurstaðna úr afkvæmarannsókninni á Hesti þá um haustið. Lambahópurinn undan honum í rannsókninni var að vísu lítill. Haustið 2005 kom síðan feikilega stór hópur lambhrúta undan honum til skoðunar sem sannfærðu alla um að hann er úrvalskind með tilliti til kjöt-gæða. Synir hans voru með þykkastan bakvöðva allra hrúta, aðeins broti úr mm minna en synir Lóms en lömbin undan Kulda einnig mjög fitulítill með feikilega vel lagaðan vöðva. Gerð þeirra var öll ákaflega góð en sumir þeirra ef til vill fremur bolstuttir og ekki mjög þroskamiklir.

Lítill reynsla er enn fengin um Kulda sem ærföður vegna ungs aldurs en veturgömlu ærnar á Hesti undan honum sýndu góða frjósemi vorið 2005 og miklu betri en systur hans (dætur Frosta).

Litaerfðir: Kuldi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



EIN

Vinnslubú

Forsíða

Bú

Leit

Bú

Hjarðbók

Pöntun

Merkjasalar

Skýrslur

Útskrá

Sauðfjárþændur!

Sækið um aðgang að MARK en þar er hægt að panta forprentuð plötumerki milliliðalaust beint frá merkjasala



MARK finnurðu á vefslóðinni www.bufe.is
- aðgangur er gjaldfrjálsl!

Sótt er um veflykil (aðgang) með tölvupósti á mark@bondi.is eða hjá Kristínu Helgadóttur í tölvudeild, sími 563 0300


Bændasamtök Íslands - tölvudeild
 sími 563 0300 - www.bondi.is


MÍNÐI 11-2005

Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	46	--	--	107	30/3/5(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,5

Busi

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.



MFF: Moli 93-986, MMF, Deli 98-094, FMFF, Njörður 92-994.



Busi 03-946			
KJÖTMAT	Fjöldi	BLUP	22
	Gerð		119
	Fita		115
	Heild		117
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		25
	Einkunn		103
DÆTUR	Afurðaaár		
	Frjósemi		
	Einkunn		

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, fremur grófhýrnur. Hausinn er sver og þróttlegur. Sívalur bolur, lítilsháttar grófleiki um herðar. Ákaflega vel vöðvaður í baki og mölum. Góð lærahold. Fríður, föngulegur og gæfur hrútur.

Ullarlýsing EE: Fölgulur á haus og fótum, talsvert af gulum hárum í reyfi, sérstaklega aftan til. Engin svört hár fundust. Þykkt og mikið þel, togið jafnt. Ullarmikill.

Reynsla: Búið á Bergsstöðum á Vatnsnesi hefur um árabíl verið eitt afurðamesta bú landsins og niðurstöður úr kjötmati stórglæsilegar. Leyfi fékkst fyrsta sinni vorið 2005 til að fá

þaðan hrúta á sæðingastöðvarnar. Hrútarnir þrír sem þaðan koma eru allir í móðurætt afkomendur Dela 98-094 sem hefur mest hrúta verið notaður á búinu síðustu árin og reynst frábærlega bæði sem lamba- og ærfaðir. Sá hrútur var sonur Bjálfa 95-802. Féð á Bergsstöðum er á síðustu árum mikið mótað af þekktustu sæðingastöðvarhrútu frá Hesti.

Busi var í afkvæmarannsókn hrútanna á Bergsstöðum haustið 2004. Þar sýndi hann einkum yfirburði úr ómsjarmælinga- og skoðunarhluta rannsóknarinnar þar sem einkunn var 122. Kjötmat sláturlambanna var einnig frábært. Fallþungi þeirra var 19,4 kg að jafnaði með 12,0 að meðaltali fyrir gerð og fitumat 7,7. Haustið 2005 mátti finna stóran hóp úrvalshrútefna undan Busa í lömbunum á Bergsstöðum.

Ungur aldur gerir að engin reynsla er enn kominn um Busa sem ærföður. Móðir hans var tvílembd sem gemlingur og ætíð síðan og hefur skilað mjög vænum lömbum og hefur 6,0 afurðastig.

Litaerfðir: Busi er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	43	-	-	110	34/3/4(H)	8,0	8,0	9,0	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	84,0
2004	81	-	-	115	43/6/4(H)	8,0	8,5	8,5	9,5	8,5	18,0	7,5	8,0	8,0	84,5

Mangó

frá Presthólum, Núpasveit.



MFF: Gosi 91-945, FMFF: Kúnni 94-997, MMFF: Spói 86-938.



Mangó 03-948		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	38
	Gerð	133
	Fita	115
	Heild	122
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	41
	Einkunn	96
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fremur fínlegur haus með brúsk í enni. Góðar útlögur en örlítið slöður um herðar. Áberandi kúptir og þykkir vöðvar í baki, mölum og lærum. Góð fótstaða. Frið og fönguleg kind á velli.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, örlítið gult í reyfi en engin svört hár fundust. Reyfið þykkt og ullin mikil. Togið fremur stutt. Falleg ull.

Reynsla: Veturgamall var Mangó í afkvæmarannsókn heima á Presthólum. Þar stóð hann efstur ásamt tvílembingsbróður

sínum, Aldin 03-425, með 118 í heildareinkunn. Mangó var valinn til þátttöku í stóru rannsókninni í N-Þing haustið 2005 umfram bróður sinn vegna þess að hann var að skila vænni lömbum og jafnari niðurstöðum úr hinum tveimur þáttum rannsóknarinnar. Í rannsókninni haustið 2005 var hann að sýna mjög skýra yfirburði á báðum búunum, Hafrafellstungu og Ærlæk, í þeim hluta rannsóknarinnar sem sneri að lifandi lömbum (ómsjarmælingar og stigun lambanna). Sláturlömbin í Hafrafellstungu voru með 15,6 kg meðalfallþunga, fengu 9,9 fyrir gerð að jafnaði og 6,6 í fitumatinu. Á Ærlæk var meðalfallþungi 14,4 kg og gerðin að meðaltali 9,4 og fitumatið 6,2.


Mangó er vegna síns unga aldurs alls óreyndur sem ærfaðir. Móðir hans var höfð lamblaus gemlingsárið en var síðan tvílembd utan einu sinni einlembd og skilaði góðum dilkum með 5,0 afurðastig.

Litaerfðir: Mangó er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Fjarki

frá Dal, Snæfellsnesi.



MFF: Prestur 94-823.

Lýsing: Svartur, ferhyrndur. Aðeins skakkhyrndur. Jafnvaxinn og fremur vel gerður hrútur. Fótstaða góð. Bollengd í meðallagi.

Fjarki 03-949		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	1
	Gerð	97
	Fita	96
	Heild	96
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	1
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Ullarlýsing EE: Nokkuð jafn svartur litur um allt reyfi þó aðeins beri á gráum toghárum. Ullarmagn og fínleiki í meðallagi.



Reynsla: Ákaflega lítil reynsla er komin á Fjarka sem lambaföður en þó má nokkuð ljóst vera að hann stenst öðrum hrútum á stöðvunum engan veginn snúning hvað kjötgæði varðar. Tilkoma hans á stöð er heldur ekki sú að bæta kjötgæði heldur fyrst og fremst varðveisla ferhyrnda fjárstofnsins í landinu, m.a. með djúpfyrstingu sæðis úr honum. Telja verður Fjarka ágætan fulltrúa ferhyrnda fjárins.

Engin reynsla er komin á Fjarka sem ærföður, en móðir hans, sem er sv.golsvlesótt, var geld gemlingsárið, tvílembd tvævetlan en síðan tvísvar þrílembd og alltaf gengið með öll sín lömb.

Litaerfðir: Ætterni Fjarka bendir til að hann geti gefið allfjölbreytta liti.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Sæðispantanir

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands:

Í netfangið sveinn@bssl.is daginn fyrir sæðingu eða í síma 482 1920 fyrir kl. 9 f.h. samdægurs.

Sauðfjársæðingastöð Veturlands:

Í netfangið bv@bondi.is eða í síma 437 1215 síðasta virka dag fyrir sæðingu.


Pantið tímanlega!

Mál og stígun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjmi	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	88	--	--	117	32/4/5(S)	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,5	85,0

Mímir

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Askur 97-835.

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Fremur fínlegur haus. Feikna miklar útlögur og vel holdfylltar herðar. Gríðarlega þykkt bak og mikil vöðvafylling á mölum. Frábær lærahold. Fóttastaða góð. Ákaflega jafnvaxinn og öflugur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, aðeins gult í reyfi en engin svört hár fundust. Fremur mikil ull, reyfið jafnt og togíð meðalgróft.

Reynsla: Mímir er einn þeirra fjögurra hrúta sem valdir voru til notkunar á stöð á grundvelli afkvæmarannsóknarinnar á Hesti haustið 2005. Tvílembingshrútarnir voru með leiðréttan meðalfallþunga sem nam 17,3 kg, eða verulega yfir meðaltali. Meðaltal fyrir kjötmat um gerð var 11,2 sem er



04-951

hagstæðasta niðurstaða nokkru sinni í afkvæmarannsókn á Hesti um þann þátt. Lærastig á föllum var 4,29 sem var það hæsta í rannsókninni. Meðaltal úr fituflokkun var 6,9 en það er nokkru hærra en meðaltal í rannsókninni.

Augljóslega eru engar upplýsingar enn til um dætur Mímis. Móðir hans var geld gemlingsárið, síðan einu sinni einlembd, annars tvílembd og hefur skilað lömbum um meðaltal og er með 4,8 afurðastig.

Litaerfðir: Mímir er arfblendinn hvítur en ekki verður enn nánar greind erfðasamsetning hans þar sem aðeins eitt dökkt lamb fæddist undan honum vorið 2005.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjmi	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	82	--	--	120	32/3/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,5	7,5	8,0	8,5	84,0

Bramli

frá Hesti, Borgarfirði.



Móðir Bramla er alsystir Hyls 01-883.

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur. Allgóðar útlögur, vottar fyrir háum herðum. Mjög þykkur bakvöðvi, góð vöðvafylling á mölum, góð lærahold. Fóttastaða góð. Jafnvaxinn og snotur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, nokkuð um gul hár um allt reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmikill, reyfið jafnt en togíð aðeins gróft. Lagðprúður.

Reynsla: Bramli er einn þeirra fjögurra hrúta sem koma til notkunar á stöð eftir afkvæmarannsóknina á Hesti haustið 2005. Þykkt bakvöðva við ómsjarmælingar hjá hrútlömbum var verulega yfir meðaltali. Leiðréttur meðalfallþungi tvílembingshrútanna í rannsókninni var 15,8 kg. Meðaltal um gerð var 8,55 og úr fitumatinu 4,90. Lærastig voru 3,80 að



04-952

meðaltali sem var talsvert lægra en hjá öðrum afkvæmahópum í rannsókninni. Ljóst er að Bramli hefur einstaka eiginleika til lítillar fitusöfnunar en mat um gerð talsvert undir meðaltali í rannsókninni. Bramli hentar því öðru fremur til notkunar þar sem mikil fitusöfnun má kallast vandamál. Vegna aldurs eru enn engar reynsluupplýsingar um dætur Bramla. Móðir hans var tvílembd gemlingsárið og ætíð síðan utan einu sinni þrílembd. Vænleiki lamba hennar heldur undir meðaltali og hefur hún 4,2 afurðastig.

Litaerfðir: Bramli er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



- KB Íbúðalán
- Framkvæmdalán
- Viðskiptareikningur
- Innheimtuþjónusta
- Ábyrgðir
- Atvinnuþryggingar VÍS
- Starfsmannatryggingar
- Fjármögnun atvinnutækja
- Kreditkort
- Innlán
- Alhliða fjármála- og tryggingaþjónusta fyrir einstaklinga

Fáðu tilboð í fjármögnun
í næsta útibúi KB banka

KB ATVINNULÍF

Einstök þjónusta fyrir bændur

KB banki býður bændum sérsniðna fjármálaþjónustu fyrir reksturinn. Þjónustufulltrúinn þinn aðstoðar þig við að velja kosti sem samræmast þínum þörfum og hagsmunum.


KOLLÓTTIR HRÚTAR

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
1999	48	81	19,5	109	29/2/4(S)	8,0	8,0	8,0	8,5	8,5	18,0	7,5	8,0	8,0	82,5
2000	91	105	25,0	119	36/5/4(S)	8,0	8,0	9,0	9,0	9,0	17,5	8,0	8,0	8,0	84,5

Arfi

frá Heydalsá (B.G.), Kirkjubólsh.



FFFF: Skreppur 92-991, FMFF: Valur 90-934, MMFF: Moli 83-901



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Stuttur, fremur þróttlegur haus.

	Arfi 99-873	2002	2003	2004	2005
LAMBRÚTASÖÐUN	Fjöldi	130	51	80	71
	Pungi	48	49	48	50
	Fótleggur	113	109	110	112
	Læri	16,5	16,8	17,0	16,8
	Ull	8,0	8,0	8,0	7,9
	Ómvöðvi	26,0	27,5	26,8	27,1
	Ómfita	3,3	3,4	3,3	3,5
	Lögun	3,2	3,5	3,6	3,5
KJÖTMAT					BLUP
	Fjöldi				737
	Gerð				108
	Fita				121
Heild					116
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*					
LÖMB	Fjöldi				1207
	Einkunn				101
DÆTUR	Afurðaár				235
	Frjósemi				+16
	Einkunn				119

Herðar kúptar, vel holdfylltar, bringa í meðallagi breið og sívalur bolur. Bakið sterkt. Malir mjög vel fylltar. Fótstaða góð. Gríðarlega þykkur og mikill lærvöðvi. Mjög jafnvaxinn og snotur hrútur.

Ullarlýsing EE: Kollóttur á haus og svartar dropur á eyrum. Gul hár nokkuð áberandi á afturhluta skrokksins. Ullarmikill.

99-873

Tog fremur jafnt og ekki meira en í meðallagi um grófleika. Þykkt, gljáandi þel.

Reynsla: Arfi er í hópi mest reyndu hrúta á sæðinga-stöðvunum í dag. Farsælan feril sinn hóf hann heima á Heydalsá þar sem hann skilaði afbragðs sláturlömbum haustið 2000. Árið eftir var hann í stórri afkvæmarannsókn fyrir stöðvarnar í Húsavík og kom þar til notkunar á grundvelli glæstra niðurstaðna. Á fjórum árum hefur hann gefið fjölda stórglæsilegra hrúta sem er að finna í notkun um allt land í dag. Hann gefur mjög góð kjötgæði og sérstaklega er hann mjög öflugur varðandi litla fitusöfnun hjá afkvæmum sínum líkt og BLUP matið sýnir.

Mikil reynsla er komin á dætur Arfa og sýnir hún að hann er sem slíkur þrælöflug kynbótakind, dætur hans er mjög frjósamar en einnig ágætlega mjólkurlagnar.

Litaerfðir: Arfblendinn hvítur - gefur hreinhvít - erfir bæði mórauðan lit og tvílit.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
1999	50	83	20,0	109	31/ 3/3 (S)	8,0	8,0	8,0	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	82,5
2000	86	108	25,0	119	35/ 5/3 (S)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	18,0	7,5	8,0	8,0	84,0

Partur

frá Steinadal, Broddaneshreppi.



97-133 var hálfbróðir Dals 97-838, MFFF: Valur 79-817.

Partur 99-914		2004	2005
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	156	137
	Pungi	49	49
	Fótleggur	111	112
	Læri	16,9	17,0
	Ull	8,0	8,1
	Ómvöðvi	27,7	27,8
	Ómfita	3,6	3,4
	Lögun	3,6	3,5
KIÖTMAT		BLUP	
	Fjöldi	671	
	Gerð	116	
	Fita	121	
	Heild	119	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi	728	
	Einkunn	104	
DÆTUR	Afurðaaár	146	
	Frjósemi	0	
	Einkunn	100	

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

hárum í ull. Ullarmagn í meðallagi og reyfið jafnt. Togið stutt, fínt og mjúkt.

Reynsla: Partur er eini sonur þess mikla kynbótahrúts 97-133 í Steinadal sem komið hefur til notkunar á stöð. Hann vakti líkt og faðir hans athygli fyrir ótrúlega hagstætt kjötmat sláturlamba heima í Steinadal. Hann var í stórrí afkvæmarannsókn úrvalshrúta af Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni

Lýsing: Partur er með stuttan, sveran og svipmikinn haus. Hálsinn er sver, herðar kúptar, bringan vel breið og útlögur góðar. Bakið breitt og vel holdfyllt og malir vel vöðvaðar. Lærvöðvinn er þykkur og kúptur og ákaflega vel lagaður.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum og lítilsháttar af gulum



99-914

haustið 2003 og sannaði þar yfirburði sína með 145 í kjötmatshluta rannsóknarinnar. Kjötgæðaeiginleikar hans eru ótvíræðir bæði gagnvart fitumati og mati um gerð. Þau tvö ár sem hann hefur verið notaður á stöðvunum hefur hann verið mjög mikið notaður og skilað bæði haustin stórum hópi úrvalsgóðra lamba til skoðunar. Ómsjarmælingar lambhrúta undan honum haustið 2005 eru með þeim mestu sem komið hafa hjá afkvæmum kollóttu stöðvarhrútanna.

Nokkur reynsla er komin á dætur Parts sem bendir til að sem slíkur sé hann nálægt meðaltali.

Litaerfðir: Partur er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	48	85	21,5	111	25/5/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	8,5	17,0	8,5	8,0	8,5	84,0
2001	94	105	25,5	123	29/7/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,0	8,5	17,0	8,5	8,0	8,5	83,5

Hnokki

frá Melum 1, Árneshreppi.



Hnokki 00-918		2005
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	101
	Pungi	48
	Fótleggur	113
	Læri	17,0
	Ull	8,2
	Ómvöðvi	27,7
	Ómfita	3,4
	Lögun	3,7
KIÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	141
	Gerð	104
	Fita	104
	Heild	104
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	152
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðaaár	19
	Frjósemi	+12
	Einkunn	107

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur kollóttur, svipfríður. Kúptar, vel fylltar herðar, breið bringa og ágætar útlögur. Breitt og sterkt bak. Breiðar vel vöðvaðar malir og þykkur vel lagaður lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Fótstaða er góð. Hnokki er bollangur, fríður hrútur sem samsvavar sér mjög vel. Hann er auk



00-918

þess sérlega gæf og geðgód kind.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur, engin svört hár fundust, ullarmikill með mikið og þykkt þel. Togið hrokkið en fremur gróft og fremur stutt ofan til.

Reynsla: Hnokki (sem norðurfrá hét Þokki) var í afkvæmarannsókn á Melum haustið 2002 þar sem hann stóð langefstur hrútanna með 133 í heildareinkunn. Sláturlömb undan honum voru með meðaltal úr mati um gerð sem var 9,3. Hnokki kom til notkunar á stöð árið 2004 þegar viss reynsla var fengin um hann sem ærföður. Haustið 2005 kom talsvert stór hópur lambhrúta undan honum til skoðunar. Þetta voru jafnvaxin lömb og meðal þeirra talsvert mikið af mjög öflugum hrúts-efnum, ákaflega vel vöðvafyllt, bollöng og jafnvaxin.

Nokkur reynsla er komin á dætur hans á heimaslóðum og bendir hún eindregið til að hann muni vera öflugur ærfaðir.

Litaerfðir: Hnokki er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	51	82	20,0	110	22/5/4 (S)	8,0	8,0	8,0	8,5	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	84,5
2002	85	102	24,0	119	27/7/4 (S)	7,5	8,0	8,5	8,0	9,0	17,5	8,5	8,0	8,0	83,0

Sólon

frá Kambi, Reykhólasveit.

Ætt:



FFF: Hnykill 95-820.

Sólon 01-899		2004	2005
LAMBHRÚTASKÖBUN	Fjöldi	111	108
	Pungi	48	48
	Fótleggur	111	113
	Læri	17,0	17,0
	Ull	8,2	8,3
	Ómvöðvi	25,6	26,0
	Ómfita	3,6	3,5
Lögum	3,7	3,7	
KIÖTMAT		BLUP	
	Fjöldi	621	
	Gerð	119	
	Fita	119	
Heild	119		
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi	694	
	Einkunn	103	
DÆTUR	Afurðaaár	39	
	Frjósemi	-3	
	Einkunn	97	

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Þróttlegur haus. Breiðar, fremur vel fylltar herðar og mjög víð bringa. Bakið breitt og í meðallagi þykkt. Malir mjög breiðar, kúptar og sérlega vöðvaðar. Lærvöðvi feikilega þykkur og ákaflega vel lagaður. Í meðallagi bollangur hrútur en fallegur á velli.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur. Ekki



01-899

fundust svört hár. Togið fremur fínt og hrokkið, þelið þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Sólon var tekinn á stöð árið 2003 eftir tveggja ára notkun á heimabúí. Hann hafði þar verið að skila frábærum niðurstöðum úr kjötmati, gríðarlega vel gerðum lömbum og fitumat mjög hagstætt. Um var að ræða ákaflega væna dilka og voru þær niðurstöður grunnur að vali hans á stöð. Hann hefur þau tvö ár sem hann hefur verið á stöð verið talsvert mikið notaður. Fjöldi hrútlamba undan honum sem komið hefur til skoðunar í öllum héraðum landsins hefur staðfest að hann skilar ákaflega vel gerðum lömbum með mjög góðum læraholdum en nokkuð hefur vantað á að bakvöðvaþykkt lamba undan honum hafi verið nægjanlega mikil. Vel er orðið þekkt að talsvert er um hyrnd afkvæmi hans. Reynsla Sólons sem ærföður er enn mjög takmörkuð en bendir til að í þeim efnum sé hann meðalkind.

Litaerfðir: Sólon er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	48	87	20,0	112	30 / 3/4 (S)	7,5	7,5	8,5	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,5	82,5
2002	-	107	25,0	125	- / - / (S)	8,0	8,0	8,5	8,0	8,5	16,5	8,0	8,0	8,5	82,0

Erpur

frá Heydalsá (Ragnari og Braga) Steingrímsfirði.

Ætt:



Erpur er hálfbróðir Arfa 99-873 og 97-286 er hálf systir Dals 97-838 og Kosta 98-895.



01-919

Erpur 01-919		2005
LAMHRÚTASKODUN	Fjöldi	114
	Pungi	48
	Fótleggur	113
	Læri	16,8
	Ull	8,1
	Ómvöðvi	26,8
	Ómfita	3,0
Lögun	3,6	
		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	111
	Gerð	114
	Fita	129
	Heild	123
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	93
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðaaár	12
	Frjósemi	+26
	Einkunn	109

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, smáhníflóttur. Hausinn er þröttlegur, hálsinn sver og bringan breið þó aðeins vanti á fyllingu fyrir aftan herðar. Útlögur eru miklar. Bakið breitt og sterkt og malir breiðar og með góða vöðvafyllingu. Læraholdin góð. Réttir og sterkir fætur. Áberandi sterkleg, bollöng og fríð kind á velli.

Ullarlýsing EE:

Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Ullarmikill og reyfið jafnt. Þelið þykkt og mikið en togið í meðallagi fínt en fremur stutt, einkum í baki.

Reynsla: Erpur var haustið 2004 í stórrí afkvæmarannsókn fyrir kollotta úrvalshrúta á Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni. Þar voru staðfestir miklir yfirburðir hans með tilliti til kjötgæða sem áður höfðu komið fram hjá afkvæmum hans heima á Heydalsá. Sérstaklega virðist hann gefa ákaflega hagstætt fitumat líkt og hann á ættir til. Haustið 2005 kom stór hópur lambhrúta undan honum til skoðunar sem sýndu kosti hans. Þetta voru greinilega mjög fitulítill lömb og meðal þeirra heilmikið af mjög vel gerðum lömbum.

Sú takmarkaða reynsla sem komin er um dætur Erps bendir til að hann muni vera ákaflega efnilegur ærfaðir líkt og ætterni hans gefur tilefni til.


Litaerfðir: Erpur er arfblendinn hvítur og erfir tvílit en hann hefur ekki erfðavísi fyrir mórauðum lit. Hann gefur því hreinhvít lömb.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb																
Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls	
2002	52	--	--	120	29/3/3(S)	8,0	7,5	8,5	8,5	8,0	17,5	7,5	8,0	8,0	81,5	

Tumi

frá Miðdalsgröf, Kirkjubólsh.



FFF: Þyrill 94-399 frá Heydalsá.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Sver og þröttlegur haus. Útlögugóður, breitt og holdfyllt bak. Breiðar malir og góð lærahold. Öflug fótstaða. Gríðarlega bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, talsvert gult í reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmikill og reyfið jafnt. Togið meðalfínt.

Tumi 02-934		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	86
	Gerð	103
	Fita	128
	Heild	118
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	100
	Einkunn	104
DÆTUR	Afurðaaár	9
	Frjósemi	+1
	Einkunn	103

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.



var framúrskarandi gott. Haustið 2004 var hann enn í rannsókn heima, sýndi þar áfram mikla yfirburði í ómsjarmælingum, en sýndi þá ekki yfirburði úr kjötmati. Árið 2005 er hann síðan ásamt fjölda úrvalshrúta úr Steingrímsfjarðarhólfinu í rannsókn fyrir stöðvarnar í Stóra-Fjarðarhorni. Þar var hann að skila ákaflega þroskamiklum lömbum. Að gerð voru þau ögn breytileg, en feikilega vel gerð lömb í hópnum. Hjá sláturlömbum sem voru að jafnaði 17,5 kg í fallþunga var meðaltal fyrir gerð 9,50 og fyrir fitu 6,05. Hann staðfesti því þarna mikla yfirburði sína með tilliti til kjötgæða og þá einkum lítillar fitusöfnunar eins BLUP einkunn hans sýnir glögg.

Tumi hefur takmarkaða reynslu sem ærfaðir en lofar þar góðu og faðir hans hefur reynst vel sem slíkur. Móðir hans var geld gemlingurinn og hefur síðan tvisvar verið einlembd, annars tvílembd, en skilað ákaflega vænum lömbum og hefur 7,5 í afurðastig.

Litaerfðir: Tumi er arfblendinn og hefur erfðavísi fyrir gráum lit en ekki tvílit og hefur líklega ekki erfðavísi fyrir mórauðum lit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Hrútar 2005-06, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2005

Hyrnir hrútar	Lambhrútaskoðun													Ómmæling			BLUP		Afdrif 2005		
	Nafn	Inn	Fjöldi	Pungji	Fótl.	Haus	H+h	B+U	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	Ómv.	Ómf.	Lögun		Fita	Gerð
Lækur	97-843	119	45	109	8,0	8,0	8,4	8,2	8,5	17,1	7,8	8,0	8,1	82,0	27,3	3,2	3,7	104	123	112	Fallinn
Túli	98-858	104	47	111	8,0	8,0	8,2	8,2	8,4	17,0	7,8	8,0	8,1	81,8	27,5	3,4	3,7	99	121	108	Borgarn.
Kúði	99-888	77	47	109	8,0	8,0	8,4	8,3	8,5	17,1	7,8	8,0	8,1	82,2	27,3	3,8	3,7	97	119	106	Fallinn
Trassi	99-925	52	48	109	8,0	8,1	8,4	8,3	8,5	17,1	7,8	8,0	8,1	82,3	27,1	3,4	3,6	89	128	105	Laugard.
All	00-868	182	48	110	8,0	8,1	8,4	8,5	8,6	17,2	7,9	8,0	8,1	82,8	28,4	3,0	3,9	121	114	118	Borgarn.
Lóði	00-871	294	47	109	8,0	8,1	8,4	8,3	8,6	17,1	7,7	8,0	8,1	82,3	27,7	3,2	3,7	127	122	125	Borgarn.
Eir	00-881	85	45	109	7,9	8,1	8,3	8,4	8,5	17,1	7,9	8,0	8,1	82,2	28,2	3,3	3,8	94	123	106	Fallinn
Moli	00-882	85	48	107	8,0	8,1	8,5	8,5	8,7	17,5	7,9	8,0	8,0	83,1	28,2	3,0	3,7	109	120	113	Laugard.
Rektor	00-889	85	46	111	8,0	8,2	8,2	8,3	8,3	16,8	7,5	8,0	8,0	81,0	27,1	3,7	3,7	103	102	103	Borgarn.
Dreitill	00-891	103	48	109	8,0	8,1	8,4	8,3	8,5	17,1	7,7	8,0	8,1	82,3	27,5	3,1	3,7	108	123	114	Fallinn
Tímon	00-901	87	47	110	7,8	7,9	8,4	8,2	8,4	16,9	7,7	8,0	8,1	81,5	27,2	3,1	3,6	118	104	112	Borgarn.
Spakur	00-909	312	48	111	8,0	8,0	8,3	8,3	8,5	17,2	7,6	8,0	8,1	81,9	27,8	2,9	3,8	126	134	129	Fallinn
Otur	00-910	75	48	110	8,0	8,0	8,3	8,2	8,5	17,0	7,9	8,0	8,2	82,3	27,7	3,4	3,7	108	127	116	Laugard.
Snúður	00-911	72	50	111	8,0	8,0	8,3	8,2	8,4	17,0	8,0	8,0	8,1	81,9	26,9	2,9	3,7	107	119	112	Laugard.
Roði	00-921	71	47	111	8,0	8,1	8,4	8,3	8,4	17,0	7,7	8,0	8,1	82,0	27,9	3,3	3,8	96	131	110	Fallinn
Toppur	00-926	74	48	110	8,0	7,9	8,4	8,4	8,6	17,2	7,7	8,0	8,1	82,3	27,2	3,4	3,8	105	126	113	Laugard.
Hylur	01-883	314	48	112	8,0	8,0	8,3	8,4	8,5	17,1	8,1	8,0	8,2	82,6	28,5	2,9	3,9	134	116	127	Laugard.
Seðill	01-902	85	46	109	8,0	8,0	8,5	8,4	8,6	17,2	8,0	8,0	8,1	82,6	27,7	3,5	3,8	90	132	107	Laugard.
Úði	01-912	254	48	111	8,0	7,9	8,3	8,2	8,5	17,1	7,8	8,0	8,1	81,9	27,7	3,2	3,7	109	126	116	Laugard.
Eldar	01-922	171	48	110	8,0	8,1	8,4	8,0	8,4	17,0	7,9	8,0	8,1	81,9	26,3	2,9	3,6	120	109	116	Laugard.
Vestri	01-927	6	46	106	7,8	8,2	8,5	8,8	8,8	17,7	7,9	8,0	8,2	83,7	27,6	3,2	4,2	111	126	117	Fallinn
Grimur	01-928	143	47	110	8,0	8,0	8,4	8,3	8,5	17,1	7,9	8,0	8,1	82,1	27,3	3,2	3,7	100	134	114	Borgarn.
Lubbi	01-940																	101	145	119	Borgarn.
Gári	02-904	314	48	111	8,0	8,1	8,4	8,4	8,5	17,2	7,8	8,0	8,1	82,4	27,8	3,0	3,9	119	129	123	Fallinn
Hækill	02-906	82	47	109	8,0	8,0	8,4	8,3	8,5	17,2	7,8	8,0	8,0	82,3	27,5	3,5	3,7	113	122	117	Borgarn.
Frosti	02-913	359	46	109	8,0	8,1	8,4	8,5	8,6	17,2	7,8	8,0	8,1	82,5	28,6	3,1	3,9	108	123	114	Borgarn.
Lómur	02-923	261	47	109	8,0	8,1	8,4	8,4	8,5	17,1	7,8	8,0	8,2	82,1	28,8	3,3	3,8	126	133	129	Laugard.
Týr	02-929	242	46	109	8,0	8,0	8,4	8,4	8,6	17,2	7,9	8,0	8,1	82,6	28,3	3,1	3,8	109	137	120	Borgarn.
Virki	02-941																	112	123	116	Laugard.
Oddur	02-942																	102	135	115	Laugard.
Kjalvar	02-943																	113	127	119	Laugard.
Lási	02-944																	136	110	126	Borgarn.
Kári	03-908	2	48	117	8,0	7,8	8,0	8,0	8,3	16,8	8,0	8,0	8,0	80,8	26,6	3,3	3,5	96	97	96	Laugard.
Kuldi	03-924	269	45	110	8,0	8,1	8,3	8,4	8,5	17,1	7,8	8,0	8,1	82,1	28,8	2,9	4,0	116	130	122	Laugard.
Lundi	03-945																	127	127	127	Borgarn.
Busi	03-946																	115	119	117	Laugard.
Dregill	03-947																	118	125	121	Borgarn.
Mangó	03-948																	115	133	122	Laugard.
Fiarki	03-949																	96	97	96	Laugard.
Gaddur	04-950																				Borgarn.
Mímir	04-951																				Laugard.
Bramli	04-952																				Laugard.

Kollóttir hrútar		Lambhrútaskoðun										Ommæling			BLUP		Afdrif				
Nafn	nr	Fjöldi	Pungli	Fótl.	Haus	H+h	B+U	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	Ómv.	Ómf.	Lögun	Fita	Gerð	Heild	2005
Glæsir	98-876	66	50	111	8,0	8,1	8,4	8,4	8,6	17,1	7,9	8,0	8,1	82,4	27,2	3,5	3,8	111	127	117	Fallinn
Arfi	99-873	71	50	112	7,9	8,0	8,1	8,1	8,3	16,8	7,9	8,0	8,2	81,3	27,1	3,5	3,5	121	108	116	Laugard.
Partur	99-914	137	49	112	8,0	8,1	8,2	8,3	8,4	17,0	8,1	8,0	8,2	82,3	27,8	3,4	3,5	121	116	119	Laugard.
Snaer	00-915	41	47	112	8,0	8,1	8,1	8,0	8,3	16,7	8,2	8,0	8,2	81,4	26,4	3,5	3,5	123	108	117	Fallinn
Aladin	00-917	34	44	112	8,0	7,9	8,3	7,7	8,1	16,6	7,2	8,0	8,0	79,9	24,8	3,8	3,4	87	125	102	Fallinn
Hnokki	00-918	101	48	113	8,0	8,1	8,2	8,2	8,4	17,0	8,2	8,0	8,2	82,2	27,7	3,4	3,7	104	104	104	Laugard.
Glópur	00-930	37	47	110	8,0	8,1	8,3	8,4	8,6	17,2	7,9	8,0	8,1	82,7	27,8	3,7	3,8	107	134	118	Fallinn
Pokki	01-878	35	47	111	7,9	8,0	8,4	8,3	8,4	17,0	8,2	8,0	8,1	82,3	27,3	3,7	3,6	112	112	112	Borgarn.
Solon	01-899	108	48	113	7,9	8,0	8,3	8,0	8,4	17,0	8,3	8,0	8,1	81,6	26,0	3,5	3,7	119	119	119	Laugard.
Ægír	01-916	153	49	111	8,0	8,1	8,3	8,3	8,4	17,0	8,1	8,0	8,1	82,3	27,2	3,5	3,6	120	108	115	Fallinn
Erpur	01-919	114	48	113	7,9	8,0	8,2	8,1	8,3	16,8	8,1	8,0	8,1	81,2	26,8	3,0	3,6	129	114	123	Laugard.
Langidalur	01-931	174	48	112	7,9	8,1	8,3	8,1	8,4	17,0	8,1	8,0	8,1	82,0	26,5	3,7	3,5	108	111	109	Borgarn.
Dimon	01-932	55	49	112	7,9	7,9	8,2	8,0	8,4	16,9	8,2	8,0	8,2	81,8	26,0	3,4	3,5	134	129	132	Borgarn.
Ormur	02-933	87	50	113	8,0	8,1	8,3	8,4	8,5	17,0	8,2	8,0	8,2	82,6	27,9	3,3	3,7	126	102	116	Borgarn.
Tumi	02-934																	128	103	118	Laugard.
Móri	02-935																	107	115	110	Laugard.
Múkki	03-936																	107	141	121	Borgarn.
Kútur	03-937																	100	125	110	Laugard.
Russi	03-938																	121	109	116	Borgarn.

Forystuhrútar		Afdrif
Nafn	nr	2005
Blesi	98-884	Fallinn
Leifur	02-900	Laugard.
Tígull	04-939	Borgarn.



Nýr valkostur
Einkorna áburður
frá KEMIRA
GrowHow

Betra Land


Betra land ehf. - Dugguvogi 2 - 104 Reykjavík
betraland@betraland.is - www.betraland.is

Sími 581 3500 - Fax 581 3501 - betraland@betraland.is - www.betraland.is

Fallnir hrútar 2004-05 - ástæður	
Lækur	Felldur vialdurs
Glæsir	98-876 Drapst - ástæða ókunn
Blesi	98-884 Felldur - blæðingar í miðtaugakerfi
Boli	99-874 Felldur - fullnotaður
Kúði	99-888 Felldur - fullnotaður
Eir	00-881 Felldur - fullnotaður
Abel	00-890 Drapst - ígerð í brjósthóli
Dreitill	00-891 Felldur - fullnotaður
Spakur	00-909 Drapst afvelta
Snaer	00-915 Drapst afvelta
Aladin	00-917 Drapst afvelta
Roði	00-921 Drapst af slysförum
Glópur	00-930 Drapst - ígerð í haus
Seðill	01-902 Felldur - fullnotaður
Ægír	01-916 Drapst - afvelta
Vestri	01-927 Felldur - gaf ekki sæði
Gári	02-904 Drapst af slysförum
Kóngur	02-920 Felldur - gaf ekki sæði

Móri

frá Heydalsá, Kirkjubólsh. (keyptur frá Bræðrabrekku)



FMF: Þyrill 94-399 frá Heydalsá.



Móri kom ekki til skoðunar sem lamb en vóg 46 kg og sýningar veturgamalla hrúta eru aflagðar á hans heimaslóðum.

Lýsing: Mórauður, kollóttur. Svipfríður, stuttur og sver háls, góðar herðar og sívalur brjóstkassi. Breitt bak og breiðar, vel vöðvaðar malir. Ágæt lærahold. Góð fótstaða. Jafnvaxinn og

Móri 02-935		
KJÖTMAT	BLUP	3
	Fjöldi	115
	Gerð	107
	Heild	110
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	4
	Einkunn	101
DÆTUR	Afuðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

ákaflega snotur hrútur.

Ullarlýsing EE: Jafn og fallegur mórauður litur. Ullarmikill, reyfið þykkt og jafnt. Glansandi ull.

Reynsla: Móri er eins og ætt-ernisupplýsingar sýna kominn úr

hinna sterku ræktun á Heydalsá og verulega skyldur mörgum hvítu stöðvarhrútonum þaðan frá síðustu árum. Hann var fenginn lamb að Bræðrabrekku. Þar hefur hann mest verið notaður til framleiðslu á mórauðum lömbum úr lítill hjörð af mórauðu fé sem þar er, en hefur ekki verið skýrslufærð í fjárræktarfélagi. Lömb undan honum hafa gefið mjög gott kjötmat í slátrhúsi og ekkert vafamál að hann er með tilliti til kjötgæðaeiginleika með allra sterkustu mislitu hrútum sem á stöðvunum hafa verið þó að reynslan sé enn fremur takmörkuð.

Móðir hans var tvílembd gemlingurinn, og síðan tvisvar tvílembd og einu sinni þrílembd. Vænleiki lamba undan henni var tæplega nema um meðaltal, hún hafði 3,9 í afurðastig, en kjötmat lambanna undan henni feikilega hagstætt.

Litaerfðir: Sem mórauður hrútur er hann arfhreinn fyrir mórauðum lit, en hann er arfblendinn gagnvart tvíliti.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

www.velaborg.is

S: 414 8600

RÚNINGSKLIPPUR OG MERKJALITIR



Barkaklippuset

3 hraða motor, barki, handfang, hnifur og kambur
Vörunúmer: RIT83306

Verð kr. 138.695 með vsk.



Rapier 7 kambur

13 tennur
7mm skái
86mm breiður
Vörunúmer: COX541034

Verð kr. 3.424 með vsk.



Pro Legend 5 kambur

13 tennur
5mm skái
92mm breiður
Vörunúmer: COX541014

Verð kr. 3.424 með vsk.



Merkjauði í 400ml brúsum

Vörunúmer: COX476109

Verð kr. 1.033 með vsk.



Litastifti

Vörunúmer: COX475609

Verð kr. 235 með vsk.



Jet hnifur

Vörunúmer: COX541100

Verð kr. 730 með vsk.



Diamond hnifur

Vörunúmer: COX541102

Verð kr. 730 með vsk.

Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar

Vélaborg ehf.

Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601



Staðreyndirnar tala sínu máli! CLAAS er það sem koma skal

CLAAS FYRIRTÆKIÐ

- er stærsta fyrirtækið í heiminum í einkaeigu sem framleiðir og hannar tæki til notkunar í landbúnaði
- seldi árið 2004 tæki til notkunar í landbúnaði fyrir 160 milljarða íslenskra króna
- eyddi árið 2004 u.þ.b. 5,8 milljörðum íslenskra króna í hönnun og þróun á tækjum fyrir kröfuharða bændur um allan heim.
- framleiðir tæki fyrir bændur í 9 verksmiðjum í 5 þjóðlöndum um allan heim
- trúir á bændur



CLAAS ÞRESKIVÉLAR

- kynnti nýja línu af Dominator þreskivélum fyrir íslenskan markað árið 2005 en CLAAS er með 50% markaðshlutdeild í Þýskalandi og 25% í heiminum.
- Dominator þreskivélar eru smíðaðar með langa endingu í huga og eru m.a. smíðaðar til að þreskja máis ólíkt jafnstórum véllum frá samkeppnisaðilum.



CLAAS DRÁTTARVÉLAR

- er mest selda dráttarvélin í Frakklandi og hefur verið það undanfarna áratugi með u.þ.b. 20% markaðshlutdeild
- jók markaðshlutdeild sína í Þýskalandi upp í 5,9% árið 2004 og þrefaldaði markaðshlutdeild sína m.v. árið 2003
- seldi fleiri dráttarvélar en Massey Ferguson, New Holland og Valtra stærri en 100 hð. í Þýskalandi árið 2004 (aðeins Fendt, JD og DF seldu fleiri vélar)
- dráttarvélar eru með girskiptingar frá GIMA sem er í 50% eigu MF og 50% CLAAS
- framleiðir í verksmiðju sinni í Le Mans tannhjóll og öxla í GIMA skiptingar
- dráttarvélar eru með DPS (John Deere) mótora, Carraro öxla og rafkerfi frá Bosh



CLAAS HEYVINNUTÆKI

- heyvinnutæki eru framleidd í verksmiðjum CLAAS í Saulgau í Þýskalandi sem framleiðir m.a. söxunarbúnaðinn í CLAAS Jaguar múgsaxa sem eru með meira en 50% markaðshlutdeild í heiminum
- heyvinnutækin eru framleidd undir ströngustu gæðastöðlum og uppfylla þær miklu kröfur sem CLAAS gerir til framleiðslu í sínu nafni
- býður upp á breiða línu af sláttuvélum, snúningsvélum og mógavélum þar sem hver bóndi getur fundið vél sem hentar hans aðstæðum
- framleiðir m.a. í Saulgau hina vel þekktu CLAAS sjálfhleðsluvagna og hina byltingarkenndu Cougar sláttuvél með 14 m. vinnslubreidd.

CLAAS og Vélfang til liðs við íslenska bændur - til framtíðar

CLAAS RÚLLUVÉLAR



- rúlluvélar eru þekktar fyrir gæði og mikil afköst hérlendis sem erlendis
- samstæðurnar hafa staðið sig frábærlega við íslenskar aðstæður enda flestar notaðar af verk tökum við erfiðar aðstæður
- rúlluvélar fást nú á hagstæðu verði og henta þeim sem vilja einfaldar, afkastamiklar og áreiðanlegar vélar



Merki í ásetningsfé



Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur og Os Husdyrmerkefabrikk a/s hafa gert samkomulag um framleiðslu og sölu á Combi 2000 mini merkjum í sauðfé.

Merkin eru viðurkennd af Embætti yfirdýralæknis til notkunar í ásetningsfé og eru greidd af Bændasamtökum Íslands.

Vinsamlega pantið merkin á www.bufe.is (MARK), hjá Bændasamtökum Íslands eða búnaðarsamböndum.



Lambamerki - Bjargsmerki



Lambamerkin okkar eru viðurkennd af Embætti yfirdýralæknis til notkunar í lömb.

Veittur er 10% afsláttur ef pantað er fyrir 15. febrúar.

Vinsamlega sendið skriflegar pantanir til: pbi@akureyri.is eða í fax 461 2995.


**Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur
Gleráreyrum 2, 600 Akureyri
Sími 461 4606**

Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	49	--	--	109	29/3/3(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	18,0	9,0	8,0	8,5	86,0

Kútur

frá Heydalsá, Kirkjubólsh. r.



FMF og MMF: Þyrill 94-399 frá Heydalsá.



03-937

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Stuttur og ákaflega sver haus. Sívalur brjóstkassi og holdfylltar herðar. Ákaflega vel vöðvaðar malir. Einstök lærahold. Fótstaða góð. Í meðallagi bollöng, jafnvaxin og fríð kind.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur, engin svört hár fundust. Þykkt og jafnt reyfi. Tog í meðallagi fínt.

Kútur 03-937		BLUP
KJÖT	Fjöldi	13
	Gerð	125
	Fita	100
	Heild	110
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	18
	Einkunn	100
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Reynsla: Kútur var veturgamall í afkvæmarannsókn heima á Heydalsá þar sem hann skilaði miklum yfirburðum úr kjötmati með 140 úr þeim hluta rannsóknarinnar.

Lömbin með frábært mat um gerð, en meðal mótkandídata hans í rannsókninni voru margir stöðvarhrútar eða feður þeirra. Hann var síðan í stóru rannsókninni 2005 í Stóra-Fjarðarhorni þar sem hann var ótvíræður sigurvegari margra úrvalshrúta úr Steingrímsfjarðarhólfinu. Lömbin undan honum sýndu skýra yfirburði við skoðun, sérstaklega voru lærahold öflugri en hjá afkvæmum hinna hrútanna. Sláturlömbin sýndu feikigott kjötmat. Meðalfallþungi var 17,2 kg og meðaltal um gerð 10,2 og fyrir fitu 5,9.

Vegna aldurs er Kútur óreyndur sem ærfaðir. Móðir hans var tvílembd gemlingurinn, einlembd tvævetlan en síðan tvílembd. Hún hefur skilað afbragðsgóðum lömbum og er með 5,7 afurðastig.


Litaerfðir: Kútur er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

FORYSTUHRÚTUR

Leifur

frá Leifsstöðum



MMM: Gamla-Bauga var fædd 1978, lógað 1995 og var hún undan á sem fædd var 1964 og lógað 1978.

Lýsing: Leifur er svartbaugóttur, fremur krapphyrndur. Hausinn er langur og snoppa grönn. Leifur hefur flest vaxtarlagseinkenni forystuhrúts. Hann er greindarlegur í fasi og mikill foringi. Lætur vel að stjórn sé hann teymdur. Leifur



02-900

er kominn af kunnu forystufé langt aftur í ættir.

Litaerfðir: Útlit og ætterni bendir til að Leifur gefi fjölbreytta liti hjá afkvæmum, óvíst að hann búi yfir erfðavísi fyrir mórautt fé.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Verndandi.

Nýjung í búskaparháttum

Límtre Virnet framleiðir 3 tegundir af gjafagrindum sem hver um sig hentar fyrir ákveðnar aðstæður.

Gjafagrind til notkunar úti eða á taði, fyrir allt að 30 kindur.

- Létt og meðfærileg
- Sterk
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Rúllugrind fyrir stórgripi.

- Frábær hönnun
- Mjög einföld í notkun
- Sterk og meðfærileg

Gjafagrind til notkunar innandyra, fyrir allt að 70 kindur.

- Þrjár gerðir
- Sterk
- Auðveld í notkun
- Sérstakar slæðigrindur
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Íslensk hönnun



Limtrevirnet

ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR

Borgarbraut 74 310 Borgarnes Sími 530 6000 Fax 530 6069

www.limtrevirnet.is

TRS

PENNINN

Við þjónustum þig!

Eyravegi 37, 800 Selfoss. Sími: 480 3300


www.trs.is, trs@trs.is

Mál og stigun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
1999	83	105	24,0	122	33/5/-(H)	8,0	7,5	8,5	8,5	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	82,5

Túli

frá Leirhöfn á Sléttu.



MMFF: Hnoðri 83-883.



Lýsing: Túli er hvítur, gleiðhyrndur með fremur fíngerð horn. Hausinn er stuttur og sver með breitt enni, háls stuttur og sver, herðar fremur breiðar og holdfylltar en örllítið slöður aftan við bóga, brjóstkassinn hvelfdur. Bak breitt, sterkt og mjög vel holdfyllt, malir breiðar, fremur stuttar en ágætlega holdfylltar, hvelfdur, þykkur og mikill lærvöðvi. Fætur eru réttir og fótstaða góð.

Túli 98-858	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi	285	180	75	50	104
Pungi	46	46	46	45	47
Fötleggur	112	111	109	108	111
Læri	16,6	16,6	16,8	17,1	17,0
Ull	7,7	7,8	7,8	7,8	7,8
Ómrvöðvi	27,1	26,2	27,0	27,1	27,5
Ómfita	3,1	3,3	3,1	3,3	3,4
Lögun	3,6	3,6	3,6	3,7	3,7

KJÖTMAT		BLUP
Fjöldi		1610
Gerð		121
Fita		99
Heild		108

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA		
LÖMB	Fjöldi	2300
	Einkunn	103
DAETUR	Afurðarár	767
	Frjósemi	+14
	Einkunn	115

Bak breitt, sterkt og mjög vel holdfyllt, malir breiðar, fremur stuttar en ágætlega holdfylltar, hvelfdur, þykkur og mikill lærvöðvi. Fætur eru réttir og fótstaða góð.

Ullarlýsing KA: Gulur á haus, í hnacka og á fótum en engar illhævar á bol, laus við svört hár. Ullin mikil,

fíngerð framan til en mun grófari á mölum.

Reynsla: Túli var tekinn á stöð að fengnum mjög glæsilegum niðurstöðum úr afkvæmarannsókn úrvalshrúta í N-Pingeyjarsýslu í Holti haustið 2000 þar sem hann stóð á toppi með 119 í heildareinkunn. Lömb undan honum úr sæðingum undanfarin fimm haust hafa staðfest hann sem mikla kynbótakind með tilliti til kjötgæða. Lömbin láta yfirleitt fremur lítið yfir sér en eru frábærlega þéttvaxin með þykkari vel lagaðan bakvöðva og hafa feikilega mikla vöðvafyllingu í mölum og lærum sem gefur ákaflega gott kjótmát fyrir gerð. Undanfarin haust hafa nokkrir allra athyglisverðustu lambhrútar sem til skoðunar komu á landinu verið afkomendur Túla. Margir synir hans hafa vakið athygli fyrir mjög góðar kjótmatsniðurstöður sláturlamba undan þeim og synir hans og aðrir afkomendur eru komnir til notkunar á stöðvunum.

Mikil reynsla er einnig fengin á Túla sem ærföður og sýnir hún að hann er einnig mjög öflugur ærfaðir. Túli er einn af fáum hrútum á stöðvunum sem hefur verndandi arfgerð vegna riðusmits.

Litaerfðir: Túli er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Verndandi.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	49	83	20,5	114	31/3/5(S)	8,0	8,0	9,0	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	84,0
2001	96	108	25,0	119	36/5/4(S)	8,0	8,5	9,0	8,5	9,0	18,0	7,5	8,0	8,5	85,0

Áll

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Þéttir 91-931, MFF: Svaði 94-998, MMF: Hörvi 92-972.



	Áll 00-868	2002	2003	2004	2005
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	260	179	253	182
	Þungi	46	48	47	48
	Fótleggur	109	110	111	110
	Læri	16,9	17,0	16,9	17,2
	Ull	7,9	7,8	7,8	7,9
	Ómvöðvi	27,2	28,4	28,4	28,4
	Ómfita	2,9	3,0	3,1	3,0
Lögun	3,7	3,9	3,9	3,9	
KJÖTMAT				BLUP	
	Fjöldi				1466
	Gerð				114
	Fita				121
Heild					118
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*					
LÖMB	Fjöldi				2300
	Einkunn				101
DÆTUR	Afurðaar				581
	Frjósemi				+10
	Einkunn				110

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Haus fríður og hornalag mjög gott. Kúptar vel holdfylltar herðar, breið bringa og mjög góðar útlögur. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Malir ákaflega vel vöðvaðar. Feikilega mikill og vel lagaður lærvöðvi. Rétt fótstaða. Mjög jafnvaxin, fríð og fönguleg kind.

Ullarlýsing EE:

Gulur á fótum og í hnakka. Örlítið um gul hár í reyfi. Svört

hár fundust ekki. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið ekki mikið en sémilega fínt, gróf hár á mölum.

Reynsla: Áll var tekinn til notkunar á stöðvunum strax veturgamall haustið 2001 á grundvelli einkar athyglisverðrar niðurstöðu í afkvæmarannsókn á Hesti þá um haustið. Hann hefur síðustu fjögur ár verið gríðarlega mikið notaður og er þannig einn reyndasti kynbótahrútur landsins. Rækilega hefur verið staðfest að kjöttgæðaeiginleikar afkvæma hans eru feikilega miklir, hann gefur hjá þeim góða vöðvaþykkt og litla fitu. Undan honum hafa ef til vill komið heldur breytilegri afkvæmi en undan mörgum öðrum af hinum öflugum kynbótahrútum frá Hesti. Hins vegar hefur líklega enginn þeirra verið að skila jafnmörgum algjörum toppeinstaklingum til kynbóta og Áll. Því er líklegt að fleiri synir hans en Hylur verði hýstir á stöðvunum á komandi árum.

Feikilegur fjöldi dætra Áls er kominn í framleiðslu dreift um allt land og eru það mjög frjósamar og góðar afurðær.

Litaerfðir: Áll er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Áhættuarfgerð.

Mál og stígun, veturgamall

Ár	Þungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	88	104	25,0	117	37/4/5(S)	8,0	9,0	8,5	9,5	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	85,0

Lóði

frá Hesti, Borgarfirði.



Skyldleikaræktaður afkomandi Hörva 92-972 sem er MMF, FMMF og MFMF.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Haus heldur í lengra lagi, krapp-hyrndur með sver horn. Hálsinn stuttur og sver og fellur ákaflega vel að kúptum mjög vel holdfylltum herðum.

Bakhold einstök.

	Lóði 00-871	2002	2003	2004	2005
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	161	241	253	294
	Þungi	46	48	48	47
	Fótleggur	109	110	108	109
	Læri	16,8	16,9	17,1	17,1
	Ull	7,6	7,7	7,7	7,7
	Ómvöðvi	26,6	28,0	27,8	27,7
	Ómfita	3,0	3,0	3,3	3,2
Lögun	3,6	3,7	3,7	3,7	
KJÖTMAT				BLUP	
	Fjöldi				1328
	Gerð				122
	Fita				127
Heild					125
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*					
LÖMB	Fjöldi				1352
	Einkunn				103
DÆTUR	Afurðaar				541
	Frjósemi				+10
	Einkunn				115

Malir fremur stuttar og brattar en vel vöðvaðar. Kúptur og mjög þykkur lærvöðvi. Sterklegir fætur. Kviðléttur, fremur bolstuttur og virkar sem eitt kjötstykki í átaki. Skapillur.

Ullarlýsing EE:

Gulur á fótum og í hnakka, gulur kragi á hálsi og mikið af gulum hárum um allan bol. Engin svört hár í ull.



Ullarmagn í góðu meðallagi. Ull fremur jöfn en styttri á baki.

Reynsla: Lóði kom til notkunar á stöðvunum strax veturgamall haustið 2001 á grundvelli fráberrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn á Hesti þá um haustið. Hann er því nú sinn fimmta vetur í notkun á stöð og er því einn reyndasti kynbótahrútur í landinu. Hann er í dag einn allra mesti kynbótahrútur landsins með tilliti til kjöttgæða eins og BLUP kynbótamatið sýnir skýrt. Hann sameinar á einstakan hátt ótrúlega yfirburði í góðri gerð og lítilli fitu hjá afkvæmum sínum. Undan honum er kominn gríðarlegur fjöldi hrúta um allt land sem hafa stórbætt kjöttgæði sláturlamba á þeim búum sem þeir eru notaðir. Nokkrir synir hans eru þegar komnir til notkunar á stöðvunum og verða vafalítið fleiri á næstu árum.

Mikill fjöldi dætra Lóða á búum um allt land hafa staðfest að hann er einnig ákaflega öflugur arfaðir. Einnig þar sameina dæturnar mikla kosti, eru mjög frjósamar og um leið prýðilega mjólkurlagnar.

Litaerfðir: Lóði er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	46	87	21,0	113	31/4/4(H)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	17,0	7,0	8,0	8,5	83,0
2001	96	110	26,5	121	42/7/4(H)	8,0	7,5	8,5	9,5	9,0	17,0	7,0	8,0	8,5	83,0

Rektor

frá Kolsholti, Villingaholtsh.



MFF: Klettur 89-930, MMFF: Sami 85-868.



00-889

	Rektor 00-889	2003	2004	2005
LAMBHÚTASKÖLUN	Fjöldi	74	66	85
	Pungi	47	46	46
	Fótleggur	111	111	111
	Læri	16,4	16,7	16,8
	Ull	7,4	7,4	7,5
	Ómvöðvi	27,0	26,7	27,1
	Ómfita	3,3	3,7	3,7
Lögun	3,6	3,8	3,7	
KÖTMAÐ				BLUP
	Fjöldi			632
	Gerð			102
	Fita			103
Heild			103	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA				
LÖMB	Fjöldi			893
	Einkunn			100
DÆTUR	Afurðaaár			139
	Frjósemi			+27
	Einkunn			122

Lýsing: Svart-höttóttur, hyrndur með hvíta krúnu. Gott hornalag. Herðar full háar en vel holdfylltar. Breið bringa og miklar útlögur. Ákaflega þykkt bak. Breiðar og holdfylltar malir. Lærahöld í góðu meðallagi. Sterkleg fótstaða. Bol-langur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Svart-höttóttur. Reyfið er þykkt.

Hefur mikið þel og er togfínn. Ullarstuttur aftan til á bakinu. **Reynsla:** Rektor vakti fyrst mikla athygli sem einstaklingur haustið 2001 þegar hann mældist með næst þykkasta bakvöðva af veturgömlum hrútum á Suðurlandi sem sýndir voru það haust. Hann rekur ættir sínar til þekktra hvítra sæðingastöðvahrúta í báðar ættir þó að sjálfur sé hann mislit kind. Hann er nú fjórða árið í röð í notkun á stöð. BLUP niðurstöðurnar sýna að kjöttgæði afkvæma hans eru í góðu meðallagi og haustin 2004 og 2005 hafa komið til skoðunar mjög vel gerð hrútlömb undan honum. Ekkert vafamál er að Rektor er best gerði hyrndi tvílitni hrútur sem notaður hefur verið á stöðvunum.

Hann á stóran hóp dætra víða um land og þær sýna ótrúlega yfirburði um frjósemi þannig að allt bendir til að hann sé þrælöflugur ærfaðir.

Litaerfðir: Rektor erfir tvílit en ekki mórauðan lit - gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	82	106	23,0	120	38/5/4(H)	8,0	7,5	8,5	9,0	9,0	16,5	7,5	8,0	8,0	82,0

Tímon

frá Gerði, Suðursveit.



FMF: Svöli 86-889, MFF: Moli 93-986, MMF: Galsi 88-929



00-901

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Haus heldur í lengra lagi en þróttlegur. Hálsinn sver, herðafylling mikil og bringan sérlega breið og mikil.

Tímon 00-901		2004	2005
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	77	87
	Þungi	47	47
	Fótleggur	109	110
	Læri	17,0	16,9
	Ull	7,8	7,7
	Ómvöðvi	27,7	27,2
	Ómfita	3,2	3,1
	Lögun	3,7	3,6
			BLUP
KJÓTMAT	Fjöldi	527	
	Gerð	104	
	Fita	118	
	Heild	112	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi	502	
	Einkunn	101	
DÆTUR	Afurðaár	25	
	Frjósemi	+3	
	Einkunn	102	

* Einkunnir f. dætur er úr heimafélagi.

Sterkt og vel fyllt bak. Malir í meðallagi breiðar en vöðvafylltar. Þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Fremur bollöng, kvíðlétt og fönguleg kind.

Ullarlýsing EE:

Gulur á haus og fótum. Gul hár sjást víða í reyfi, þó ekki mjög áberandi. Enginn svört hár fundust. Frekar ullarstuttur,

tog í meðallagi og fremur fínt. Þelið allþykkt og ullarmagn rétt í meðallagi.

Reynsla: Tímon skilaði mjög góðu kjötmati sláturlamba heima í Gerði haustin 2001 og 2002 og var á grunni þeirrar niðurstöðu valinn til notkunar í afkvæmarannsókn vegna stöðvanna á Smyrlabjörgum haustið 2003. Í þeirri rannsókn gaf hann mjög gott kjötmát, einkum fitumat og var með 147 í einkunn úr kjötmatshluta rannsóknarinnar. Hann hefur nokkuð verið notaður þau tvö ár sem hann hefur verið á stöð og komið talsverður fjöldi af öflugum hrútlömbum undan honum til skoðunar, þó að gagnvart læraholdum keppi hann ekki við öflugustu stöðvahrúta. Kjötmatniðurstöður sýna að hann gefur mjög hagstætt fitumat. Þá er ástæða til að vekja athygli á því að hann er all fjarskyldur þeim hrútalínunum sem mest eru áberandi á stöðvunum í dag.

Takmörkuð reynsla dætra bendir til að Tímon kunni að vera eflings ærfaðir en veturgamlar dætur hans sem skýrslum var skilað um vorið 2005 sýndu fádæma mikla yfirburði í frjósemi.

Litaerfðir: Tímon er arfhreinn hvítur


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	56	90	21,0	112	28/3/4(S)	8,0	8,5	9,0	8,5	9,0	17,5	8,0	8,0	8,0	84,5
2002	86	105	24,0	124	30/5/3(S)	8,0	8,5	8,5	8,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0

Grímur

frá Staðarbakka, Hörgárdal



MFF: Gosi 91-945.



01-928

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Sterklegur og svipmikill haus.

Ákaflega breiðar og holdfylltar herðar og bringan sérlega breið og útlögur miklar. Bakhöldin góð og malir geysivel vöðvaðar. Mjög þykkur og öflugur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Fótstaða góð. Geysilega öflugur og skrokkmikill hrútur.

Grímur 01-928		2005
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	143
	Þungi	47
	Fótleggur	110
	Læri	17,1
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	27,3
	Ómfita	3,2
	Lögun	3,7
		BLUP
KJÓTMAT	Fjöldi	141
	Gerð	134
	Fita	100
	Heild	114
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	148
	Einkunn	103
DÆTUR	Afurðaár	12
	Frjósemi	+4
	Einkunn	104

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

doppa í baki. Ullarmagn í tæpu í meðallagi, þelið þykkt en togið stutt og lítið. Toggrófur í baki.

Reynsla: Grímur kom til nota á stöð árið 2004 úr öflugri ræktun á Staðarbakka. Val hans var byggt á glæsilegum niðurstöðum um afkvæmi hans þar heima, en mat þeirra fyrir gerð var feikilega gott og fitumat um meðaltal. Stór hópur lambhrúta undan honum kom til skoðunar haustið 2005 og styrktu verulega þá mynd að hann gefi ákaflega vel gerð afkvæmi. Mikill fjöldi mjög góðra hrútsefna með mikil lærahold voru í þessum hópi.

Takmörkuð reynsla dætra hans gefur góð fyrirheit í þeim efnunum en móðir hans var mikil afreksær til afurða.

Bent skal á að Grímur er í hópi þeirra stöðvahrúta sem hafa mótstöðuarfgerð vegna riðuveiki.

Litaerfðir: Grímur er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir gráum lit og erfir tvílit en hefur ekki erfðavísi fyrir mórauðum lit - gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Verndandi.

Landsbankinn kaupir Lánasjóð landbúnaðarins

Landsbankinn býður viðskiptavini Lánasjóðs landbúnaðarins, sem og aðra bændur, velkomna til viðskipta við bankann. Útibúanet Landsbankans er hið þéttriðnasta á landinu og er vonast til að bændur eigi greiðan og þægilegan aðgang að bankanum. Jafnframt er það ávallt markmið Landsbankans að veita bændum landsins framúrskarandi þjónustu, ráðgjöf og hagstæð kjör.

Ræktum landið saman

Starfsfólk Landsbankans fagnar því að fá tækifæri til að vinna með bændum að nýtingu landsgæða og eiga sinn þátt í farsæld landbúnaðar á Íslandi með því að bjóða bændum heilsteypa fjármálaþjónustu á öllum sviðum.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Traustur bakhjarl bænda

**Sölufélag Austur Húnavetninga
óskar sauðfjárþændum til hamingju
með þann árangur sem náðst hefur
með markvissu kynbótastarfi.**



Kaupfélag Skagfirðinga

Sauðfjárþændur!

*Kjötafurðastöð KS er öflug afurðarstöð, sem leitast við
að þjóna sauðfjárþændum með slátrun og afurðasölu.
Þökkum þændum um land allt viðskiptin í haust.*


*Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga
Sauðárkróki.*

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	46	82	18,5	106	27/2/4(S)	8,0	7,5	8,0	8,5	9,0	17,5	8,0	8,0	8,0	82,5
2002	84	101	23,5	119	29/6/3(S)	8,0	7,5	8,5	8,0	8,5	17,0	8,0	8,0	8,5	82,0

Lubbi

frá Breiðabólstað, Fellsströnd.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fríður, sterklegur haus með brúsk í enni og vel hyrndur. Mjög víður og útlögumikill brjóstkassi, vottar fyrir háum herðum. Breitt og sterkt bak, feiknabreiðar og holdfylltar malir. Frábær lærahold. Fætur réttir. Nokkuð styggu og skapharður en ágætlega bollangur og prúður á velli.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum en laus við gul hár í reyfi. Engin svört hár fundust. Þelið þykkt en tugið fremur misjafnt, lítið í baki og gróft á síðum.

Lubbi 01-940		
KJÖTMAT	Fjöldi	BLUP 118
	Gerð	145
	Fita	101
	Heild	119
	ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*	
LÖMB	Fjöldi	142
	Einkunn	102
DÆTUR	Afurðaðár	13
	Frjósemi	-15
	Einkunn	97

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Reynsla: Lubbi er í móðurætt af þaulræktuðu fé á Breiðabólstað þar sem öflugt ræktunarstarf hefur verið um áratuga skeið. Hann hefur ætíð gefið ákaflega góð sláturlömb en vakti mikla athygli í mjög



01-940

stórri afkvæmarannsókn á búinu haustið 2004. Þar voru 16 hrútar í samanburði, m.a. nokkrir hálfbræður hans. Hann sýndi feikilega yfirburði og fékk 153 í heildareinkunn þar af 170 fyrir kjötmatshluta rannsóknarinnar. Yfirburðir hans úr kjötmati fyrir gerð í uppgjöri fjárræktarfélaganna voru þeir mestu sem nokkru sinni hafa komið fram hjá nokkrum hrúti frá því að EUROP matið var tekið upp haustið 1998. Það hefur m.a. skilað honum einu hæsta BLUP mati fyrir gerð í landinu. Meðaltal sláturlambanna undan honum haustið 2004 var 10,84 fyrir gerð en meðalfallpungi þeirra var 15,2 kg.

Lubbi hefur takmarkaða reynslu sem arfaðir en dætur hans hafa enn ekki sýnt yfirburði í frjósemi en verið fremur mjólkurlagnar. Móðir hans var einlembd gemlingsárið og tvævetlan en síðan tvílembd. Vænleiki lamba hjá henni um meðaltal en hún er með 4,2 afurðastig.

Litaerfðir: Lubbi er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	48	-	-	111	33/3/4(H)	8,0	8,0	9,0	9,0	9,0	18,0	7,5	8,0	8,0	84,5
2003	85	102	25,0	120	37/5/4(H)	8,0	7,5	8,5	8,5	8,0	17,0	7,5	8,0	8,0	81,0

Hækill

frá Bjarnastöðum, Öxarfirði.



FMF: Svaði 94-998, MMF: Fóli 88-911, MFFF Gosi 91-945, MFMF: Strammi 83-833.



02-906

	Hækil 02-906	2004	2005
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	30	82
	Pungi	46	47
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,1	17,2
	Ull	7,9	7,8
	Ómvöðvi	28,0	27,5
	Ómfita	3,6	3,5
	Lögun	3,8	3,7
KJÓTMAT			BLUP
	Fjöldi		99
	Gerð		122
	Fita		113
	Heild		117
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		115
	Einkunn		103
DÆTUR	Afurðaar		13
	Frjósemi		-1
	Einkunn		99

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur með stuttan og þróttlegan haus. Fínhyrndur með gott hornalag. Sver háls, skortir aðeins á fyllingu aftan við herðar en útlögur góðar. Góð bak- og malahold. Lærvöðvi feikilega þykkur, klæðir niður á hækil og fyllir ákaflega vel í krikann. Bollengd í meðallagi. Fönguleg kind á velli.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus, fótum og dindli. Víða gult í reyfi. Svört hár fundust ekki. Ullin öll mjög mjúk en togið stutt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Hækil var strax veturgamall tekinn til notkunar á stöð á grundvelli feikilega glæsilegrar niðurstöðu í mjög stórra afkvæmarannsókn úrvalshrúta úr Norður-Þingeyjarsýslu á Bjarnastöðum haustið 2003 þar sem hann skákaði stórum hópi hrúta. Yfirburðir hans í kjötmatshluta rannsóknar voru miklir þar sem hann fékk 142 í einkunn. Því miður fékk hann mjög takmarkaða notkun fyrsta árið á stöð en heldur meiri notkun síðasta vetur. Miðað við notkun hefur samt allnokkur hópur lambhrúta undan honum komið til skoðunar og hafa þeir verulega styrkt þá skoðun að Hækil gefi feikilega góða gerð hjá afkvæmum sínum.

Mjög takmörkuð reynsla er enn komin á dætur Hækils en það sem fyrir liggur gefur vonir um að hann muni verða mikill ærfaðir.

Litaerfðir: Hækil er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	78	98	24,0	118	32/4/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	8,5	18,0	7,5	8,0	8,0	83,5

Frosti

frá Hesti, Borgarfirði



FFF: Lækur 97-843, MMF: Mólur 95-812, MFFF: Galsi 88-929, MFMF: Hörvi 92-972, MMFF: Svaði 94-988.



02-913

Lýsing: Hvítur með stuttan, þróttlegan og fríðan haus, vel hyrndur. Stuttur háls og örliðið háar herðar en vel holdfylltar. Mjög góðar útlögur. Gríðarlega þykkur og kúptur bakvöðvi

	Frosti 02-913	2004	2005
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	331	359
	Pungi	46	46
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,0	17,2
	Ull	7,7	7,8
	Ómvöðvi	28,6	28,6
	Ómfita	3,0	3,1
	Lögun	4,1	3,9
KJÓTMAT			BLUP
	Fjöldi		806
	Gerð		123
	Fita		108
	Heild		114
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		1259
	Einkunn		101
DÆTUR	Afurðaar		15
	Frjósemi		-14
	Einkunn		92

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

en malir fremur stuttar en breiðar og ákaflega vel vöðvaðar. Mjög þykkur lærvöðvi sem klæðir niður á hækil og fyllir um leið vel í krikann. Bollengd í tæpu meðallagi en fríð kind á velli.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum og talsvert um gul hár á aftari hluta skrokksins. Ekki fundust svört hár í

ull. Fremur ullarmikill, tog langt og fremur gróft, þelið þykkt.

Reynsla: Frosti kom strax veturgamall til notkunar á stöð eftir glæsilega afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2003 þar sem hann vakti einkum athygli fyrir óvanalega mikinn fjölda úrvalshrútsfema í afkvæmahópnum. Hann hefur verið mjög mikið notaður þau tvö ár sem hann hefur verið í notkun á stöðvunum og bæði haustið 2004 og 2005 eru skoðaðir feikilega stórir hópar lamba undan honum. Haustið 2005 átti hann fleiri lambhrúta í skoðun en nokkur annar stöðvarhrútur. Í þessum lambahópnum hefur mátt finna urmul glæsilamba og greinilegt að hann gefur frábæra gerð hjá afkvæmum sínum en er hins vegar ekki jafn gríðarlega sterkur til að vinna á fitunni og bestu kynbótahrútarinn frá Hesti síðustu árin, þó að mat hans þar sé einnig jákvætt.

Dætur hans á Hesti hafa ekki enn sem komið er sýnt næga frjósemi í samanburði við stallsystur sínar og niðurstöður fyrir mikinn fjölda veturgamalla dætra hans um allt land vorið 2005 gefa sömu mynd. Þær virðast hins vegar vel mjólkurlagnar.

Litaerfðir: Frosti er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Áhættuarfgerð.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	48	86	19,5	115	34/ 2/4 (H)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	17,0	8,0	8,0	8,0	83,0
2002	88	110	26,0	124	38/ 6/4 (H)	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	85,0

Týr

frá Presthólum, Núpasveit.



MFF: Bútur 93-982



02-929

	Týr 02-929	2005
LAMBHRÚTASKOBUN	Fjöldi	242
	Pungi	46
	Fótleggur	109
	Læri	17,2
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	28,3
	Ómfita	3,1
Lögun	3,8	
KÖTÍMAT		BLUP
	Fjöldi	90
	Gerð	137
	Fita	109
	Heild	120
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	80
	Einkunn	98
DÆTUR	Afurðaar	2
	Frjósemi	-21
	Einkunn	98

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn fríður. Hálsinn sver en örliðið vantar á fyllingu aftan við herðar. Bringan breið og útlögurnar miklar. Bakvöðvinn kúptur, malirnar kúptar og vöðvafylling ákaflega góð. Þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Sterkleg fótstaða. Falleg kind á velli og gæf.

Ullarlýsing EE: Fölgur í hnacka og á fótum. Aðeins um gul hár í reyfi, þó ekki áberandi. Engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi, þelið jafnt og þykkt. Togið stutt og fingert. **Reynsla:** Týr kom til notkunar á stöð haustið 2004 á grundvelli niðurstaðna úr afkvæmarannsókn úrvalshrutanna í Norður-Þingeyjarsýslu þá um haustið þar sem hann skilaði ákaflega athyglisverðum lömbum. BLUP mat hans um gerð er feikihátt og hann hefur einnig hagstætt fitumat. Haustið 2005 kom mjög stór hópur lambhrúta undan honum til skoðunar. Þessi hópur renndi enn traustari stoðun undir það að Týr sé með öflugustu kynbótahrútum um gerð. Lömbin undan honum eru ákaflega vöðvapykk og oft með mjög öflug lærahold.

Vegna ungs aldurs er nær engin reynsla enn komin á Tý sem ærföður en ætti að koma mjög fljótt vegna mikillar notkunar á fyrsta ári á stöð. Móðir hans hefur reynst góð afurðaar.

Litaerföir: Týr er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	52	--	--	113	29/2/3(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,0	17,0	8,0	8,0	8,0	82,0

Lási

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.



MFF: Bjálfi 95-802, MFMF: Dropi 91-975, MMFF: Gosi 91-945, MMMF: Oddi 85-922.



02-944

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn er þröttlegur, aðeins grófhyrndur. Sívalur bolur, örlar fyrir háum herðum. Breitt og sterkt bak, vel vöðvaðar malir og læri. Fótstaða góð. Áberandi harðholda, mjög bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, mikið gult í afturhluta reyfis en engin svört hár fundust. Þelið er þykkt og jafnt. Togið jafnt, fremur stutt en fínt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Lási 02-944		
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	95
	Gerð	110
	Fita	136
	Heild	126
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	78
	Einkunn	98
DÆTUR	Afurðaaár	4
	Frjósemi	+38
	Einkunn	106

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Reynsla: Búið á Bergsstöðum á Vatnsnesi hefur um árabíl verið eitt afurðamesta bú landsins og niðurstöður úr kjötmati stórglæsilegar. Leyfi fékkst fyrsta sinni vorið 2005 til að fá þaðan hrúta á sæðinga- stöðvarnar. Hrútarnir þrír sem þaðan koma eru allir í móðurætt afkomendur Dela 98-094 sem hefur mest hrúta verið notaður á búinu síðustu árin og reynst frábærlega bæði sem lamba- og ærfaðir. Sá hrútur var sonur Bjálfa 95-802.

Féð á Bergsstöðum er á síðustu árum mikið mótað af þekktustu sæðingastöðvarhrútunum frá Hesti. Lási hefur verið að gefa ákaflega gott kjötmat hjá sláturlömbum. Haustið 2003 voru sláturlömbin undan honum 18,3 kg að meðaltali með 11,0 í mati fyrir gerð og 7,7 fyrir fitu. Haustið 2004 var meðalfallþungi þeirra 18,7 kg og gerð þá að jafnaði 10,7 en fitumatið 7,2. Þetta endurspeglast í sterku BLUP mati hans um kjöttgæði. Í mælingum á bakvöðva hafa lömb undan Lása verið undir meðaltali á búinu.

Takmörkuð reynsla af dætrum hans lofar góðu. Móðir hans var tvílembd gemlingur, síðan tvisvar þrílembd, annars tvílembd. Hún hefur skilað gríðarlega vænum lömbum og hefur 6,6 afurðastig. Bændur á Bergsstöðum töldu Lása öflugasta hrútinn sem þangað var sóttur sem ærfaðir.

Litaerfðir: Lási er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	50	--	--	111	31/3/5(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0

Lundi

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.



MFF: Bjálfi 95-802, MMFF: Hörvi 92-972.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn er þróttlegur, aðeins krapp-hyrndur. Vel holdfylltar herðar, breið bringa og miklar útlögur. Breitt, holdmikið bak. Breiðar, vöðvafylltar malir og vel lagaður, öflugur lærvöðvi. Fóttstaða góð. Bollangur, gæfur hrútur og þrúður á velli.

Lundi 03-945		
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	29
	Gerð	127
	Fita	127
	Heild	127
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	29
	Einkunn	100
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Ullarlýsing EE:

Gulur á haus, fótum og dindli. Ekki gulur í reyfi og engin svört hár fundust. Ullin mikil, þelið þykkt



og mikið, togið meðalfínt en aðeins strítt aftantil á baki.

Reynsla: Vísað er til texta um Lása 02-944 um féð á Bergsstöðum. Lundi var í afkvæmarannsókn heima á Bergsstöðum árið 2004 þar sem hann sýndi frábærar niðurstöður en í kjötmatshluta rannsóknar var hann með 148 í einkunn. Lömbin höfðu 18,2 kg meðalfallþunga og meðaltal úr kjötmati um gerð var 12,0 og fitumat 7,1 að meðaltali, niðurstöður sem munu fáséðar nokkru sinni áður. Haustið 2005 var mikinn fjöldi af stórglæsilegum hrútsefnum undan Lunda að sjá í lambahópnum á Bergsstöðum.

Vegna ungs aldurs er Lundi óreyndur sem ærfaðir. Móðir hans var tvílembd gemlingsárið og ætíð síðan. Hún hefur skilað feikilega vænum dilkum og er með 6,6 afurðastig.

Litaerfðir: Lundi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	52	--	--	109	32/ 3/4 (H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,0
2004	84	--	--	118	37/ 3/4 (H)	8,0	8,5	8,0	9,0	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,5

Dregill

frá Hagalandi, Pistilfirði.

Ætt:



03-947

Dregill 03-947		
KJÖTMAT	Fjöldi	BLUP 44
	Gerð	125
	Fita	118
	Heild	121
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	47
	Einkunn	96
DÆTUR	Afurðaar	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hryndur. Fremur langur haus, þokkalega vel hryndur. Ágætar útlögur en aðeins háar herðar. Bakhöldin góð og malirnar vel vöðvaðar. Lærvöðvinn er þykkur og öflugur. Fæturnir réttir og fótstaðan

góð. Nokkuð bollangur og samræmisgóður hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus, fótum og dindli, talsvert um gult í reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur stutt en fínt.

Reynsla: Dregill vakti athygli fyrir mjög góð sláturlömb undan honum haustið 2004 og var tekinn fram yfir föður sinn

við val hrúta í stóru rannsóknina í Norður-Þingeyjarsýslu haustið 2005. Faðir hans, Krani 02-153, hefur einnig reynst feikilega öflugur með tilliti til kjöttgæða. Rannsóknin í N-Þing. haustið 2005 var á tveimur búum, Hafrafellstungu og Ærlæk, og ekki fullt samræmi á milli búanna um niðurstöður en stórir lambahópar á báðum búunum. Í Hafrafellstungu voru yfirburðir afkvæma Dregils umfram hina hrútana skýrir. Þar var meðalfallþungi sláturlamba 15,3 kg, fyrir gerð var meðaltalið 10,1 og 6,2 fyrir fitu. Í Ærlæk var meðalfallþungi sláturlamba undan Dregli 14,4 kg, meðaltal um gerð 9,6 og úr fitumati 6,1. Á báðum búum var að finna nokkurn hóp verulega góðra hütsefna undan Dregli.

Vegna síns unga aldurs er Dregill enn óreyndur sem ærfaðir. Móðir hans var höfð lamblaus gemlingsárið og var einlembd tvævetlan en síðan tvílembd og kröftug afurðær með 8,8 afurðastig.

Litaerföir: Dregill er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



BÚAÐFÖNG

bu@bu.is

Bændur, hjá okkur fáid þið allt það helsta sem ykkur vantar til búreksturs:

- ★ Áburður
- ★ sáðvörur
- ★ girðingarefni og margt fleira.
- ★ fóðurvörur
- ★ rúlluplast


Bu.is ehf. · Stórolfsvöllur · 861 Hvolsvöllur · Sími 487 8888 · Fax 487 8889

Mál og stígun, veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	86	--	--	115	34/3/5(S)	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	17,5	8,0	8,0	8,5	85,0

Gaddur

frá Hesti, Borgarfirði.



MMF: Fenrir 92-971.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Svipfríður og vel hyrndur. Sívalur bolur og góð holdfylling um herðar. Ákaflega þykkt og holdmikið bak og sérlega mikil holdfylling í mölum og lærum. Fótsaða góð. Jafnvaxinn og kviðléttur hrútur.

Ullarlýsing EE: Fölgulur á haus og fótum, örfá gul hár í reyfi en engin svört hár fundust. Þelið jafnt og þykkt. Togið strítt, fremur gisið og gróft.

Reynsla: Gaddur er einn þeirra fjögurra hrúta sem valdir voru til notkunar á stöðvunum á grundvelli afkvæmarannsóknarinnar á Hesti haustið 2005. Tvílembingshrútarnir undan honum í rannsókninni voru 16,4 kg í leiðrétum

fallþunga og meðaltal þeirra um gerð var 9,7 og 5,9 úr fitumatinu. Lærastig metin á föllunum voru að meðaltali 4,12. Yfirburðir hans eru öðru fremur í ákaflega hagstæðu fitumati auk þess sem hann skilar ákaflega vöðvapykkum lömbum eins og Hestsféð er löngu landsþekkt fyrir.

Augljóslega er engin reynsla fengin um Gadd sem ærföður. Móðir hans var geld gemlingsárið en hefur síðan tvisvar komið þrílembd, annars tvílembd og er öflug afurðaðer með 6,2 afurðastig.

Litaerföir: Gaddur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga




Afurðastöð í fremstu röð til hagsbóta fyrir bændur.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	39	79	19,0	109	29/3/4(S)	8,0	8,5	8,5	9,5	9,0	17,0	8,5	8,0	8,0	85,0
2002	80	101	24,0	120	31/5/4(S)	8,0	8,5	8,0	8,5	8,5	17,0	9,0	8,0	8,0	83,5

Þokki

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



01-878



	Þokki 01-878	2003	2004	2005
LAMBHRUTASKÖPUN	Fjöldi	105	93	35
	Pungi	48	46	47
	Fötleggur	114	112	111
	Læri	16,7	16,7	17,0
	Ull	8,2	8,1	8,2
	Ómvöðvi	27,7	28,2	27,3
	Ómfita	3,8	3,7	3,7
	Lögun	3,6	3,6	3,6
KIÖTMAT				BLUP
	Fjöldi			458
	Gerð			112
	Fita			112
	Heild			112
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*				
LÖMB	Fjöldi			725
	Einkunn			103
DÆTUR	Afurðarár			141
	Frjósemi			+10
	Einkunn			108

Lýsing: Þokki er hreinhvítur, kollóttur. Herðar eru vel holdfylltar en aðeins slöður aftan við bóga. Bolur sívalur. Malir eru breiðar og vöðvafylltar, lærvöðvi vel lagaður og öflugur. Fætur ekki sverir en fótstaða rétt. Þokki er fríður, vöðvafylltur og vel gerður hrútur.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur og

engin svört hár í ull. Ullarmagn í meðallagi, reyfið jafnt um allan búk. Togið jafnt og meðal gróft.

Reynsla: Þokki var tekinn til notkunar á stöð haustið 2002 eftir einstaklega glæsilegar niðurstöður úr afkvæmarannsókn vegna stöðvanna heima á Hjarðarfelli þar sem hann skaraði framúr hópi kollóttra úrvalshrúta af Snæfellsnesi. Hann var með 146 í einkunn í kjötmatshluta rannsóknarinnar. Hann var talsvert mikið notaður fyrstu tvö árin á stöð en of lítið síðastliðinn vetur. Haustið 2004 sýndu synir hans mikla yfirburði í þykkt bakvöðva umfram aðra kollótta stöðvarhrúta. Undan honum er til fjöldi af hrútum vítt um land sem sýnt hafa mikla yfirburði í kjötmati hjá afkvæmum sínum.

Ungar dætur hans sem upplýsingar eru komnar um í skýrsluhaldi fjárræktarfélaganna benda til að Þokki gefi mjög frjósamar dætur.

Litaerföir: Þokki er arfblendinn hvítur, gefur hreinhvít, tvílitt og mórautt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.




Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	60	-	-	116	30 / 5/3 (H)	8,0	8,0	9,0	8,0	9,0	17,0	8,0	8,0	8,5	83,5
2002	107	-	-	121	37 / 6/3 (H)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	85,5

Langidalur

frá Úthlíð, Skaftártungu



01-931

Langidalur 01-931		2005
LAMHRÚTASKODUN	Fjöldi	174
	Pungi	48
	Fótleggur	112
	Læri	17,0
	Ull	8,1
	Ómvöðvi	26,5
	Ómfita	3,7
Lögun	3,5	
KJÓTMAT		BLUP
	Fjöldi	158
	Gerð	111
	Fita	108
	Heild	109
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	148
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðaar	8
	Frjósemi	+28
	Einkunn	107

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Hausinn er sver og þróttlegur. Ákaflega sver háls sem fellur mjög vel að sívolum en ekki útlögum miklum bolnum. Bakið er breitt og vel vöðvað. Malirnar breiðar og vel vöðvafylltar. Lær-vöðvinn er vel lagaður og mikill. Gleið og mjög sterkleg fótstaða. Langidalur er feykilega bollangur og sterklegur hrútur auk þess að

vera mjög gæfur og mannelskur.

Ullarlýsing EE: Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Fremur ullarmikill, reyfið jafnt og ullin meðalfín, þó örlítið votti fyrir grófu togi á baki. Þelið þykkt og mikið.

Reynsla: Þegar hafin var leit af úrvalshrútum undan Dal til að fylla skarð hans á stöðvunum, þegar hann féll frá, beindist athygli fljótt að Langadal sem virtist hjá afkvæmum sínum vera að skila þeim miklu kostum til kjöttgæða sem faðir hans var þekktur fyrir, að sameina litla fitu og góða gerð. Haustið 2005 kom feikilega stór hópur lambhrúta undan honum til skoðunar dreifðir um allt land. Þó að hópurinn væri talsvert breytilegur var þar hópur af verulega öflugum hrútum að allri gerð. Hins vegar þótti bera of mikið á hnýflóttum og hyrndum hrútum meðal þeirra.

Sú takmarkaða reynsla sem komin er á dætur Langadals gefur góð fyrirheit að hann geti orðið öflugur ærfaðir eins og faðir hans var.


Litaerföir: Langidalur er arfblendinn hvítur og hann erfir tvílit en hins vegar ekki mórauðan lit. Hann gefur því hreinhvít lömb.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	47	-	-	110	26 / 3/3 (H)	8,0	8,5	8,0	8,0	8,0	16,5	8,5	8,0	8,0	81,5
2002	74	-	-	120	29 / 6/3 (H)	8,0	8,0	8,0	7,5	8,5	16,5	9,0	8,0	8,0	81,5

Dímon

frá Stóru-Mörk 3,
Vestur-Eyjafjöllum

01-932

Dímon 01-932		2005
LAMBHRÚTASKÖPUN	Fjöldi	55
	Pungi	49
	Fótleggur	112
	Læri	16,9
	Ull	8,2
	Ómvöðvi	26,0
	Ómfita	3,4
Lögun	3,5	
		BLUP
KJÓTMAT	Fjöldi	92
	Gerð	129
	Fita	134
	Heild	132
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	113
	Einkunn	97
DÆTUR	Afurðaar	6
	Frjósemi	+5
	Einkunn	103

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Dímon er hvítur og kollóttur. Hausinn er fríður. Herðarnar breiðar og holdfylltar, útlögurnar góðar. Kúptar og vöðvafylltar malir og áberandi kúptur og vel lagaður lærvöðvi. Harðgerður og fallegur hrútur á velli en fremur stygur.

Ullarlýsing EE: Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið hrokkið og jafnt, fremur fínt en ekki mjög langt. Ullin gljáandi.

Reynsla: Dímon var tekin til notkunar á stöð árið 2004 á grundvelli niðurstöðu úr kjötmati dilka undan honum heima í Stóru-Mörk 3 undangengin tvö ár. Þær niðurstöður skiluðu honum í eitt allra efsta sæti hrúta í landinu í BLUP kynbótamatinu um kjötgæði. Dímon var ekki mikið notaður í desember 2004 og komu því færri hrútlömb en skyldi til skoðunar undan honum haustið 2005. Í þeim hópi gaf samt að líta allmörg verulega glæsileg lömb.

Takmörkuð reynsla sem fengin er hjá dætrum hans gefur góðar vonir um að hann eigi eftir að reynast vel sem ærfaðir.


Litaerföir: Dímon er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall																
Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls	
2002	48	86	20,5	114	30 / 3/4 (S)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	18,0	8,5	8,0	8,0	84,5	
2003	97	101	25,0	123	33 / 5/4 (S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,5	9,0	8,0	8,5	85,5	

Ormur

frá Heydalsá (Halldóru og Guðjóni),
Steingrímsfirði



FFF: Sónar 97-860, Bylur 98-562 var hálfbróðir Dals 97-838, Kosts 98-895 og Klængs 97-839.

Ormur 02-933		2005
LAMBHRÚTASKÖPUN	Fjöldi	87
	Pungi	50
	Fótleggur	113
	Læri	17,0
	Ull	8,2
	Ómvöðvi	27,9
	Ómfita	3,3
Lögun	3,7	
		BLUP
KJÓTMAT	Fjöldi	60
	Gerð	102
	Fita	126
	Heild	116
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	36
	Einkunn	103
DÆTUR	Afurðaar	4
	Frjósemi	-23
	Einkunn	98

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.



Ormur er fremur bollöng, ákaflega kvíðlét og öflug kind.

Ullarlýsing EE: Alhvítur og engin svört hár í ull. Mjög ullarmikill enda þelið mjög þykkt. Togið meðallangt og fremur fíngert, aðeins styttra í baki. Ákaflega ullarprúður.

Reynsla: Ormur kom haustið 2004 til notkunar á stöð á grundvelli glæsiniðurstöðu úr stórrí rannsókn á kollóttum úrvalshrútum af Ströndum í Stóra-Fjarðarhorni. Niðurstöður úr kjötmati sláturlamba undan honum hafa sýnt hann vera feikilega öflugan hrút sem gefur hagstætt fitumat. Talsverður hópur lambhrúta undan honum kom til skoðunar haustið 2005 og voru niðurstöður þeirra þær bestu sem fengist hafa fyrir nokkurn kollóttan stöðvarhrút. Þeir mældust með mjög þykkum bakvöðva og margir þeirra ákaflega glæsilegir að allri gerð. Mesta athygli vakti samt feikilega góður þroski lambanna undan honum.

Vegna ungs aldurs dætra hans er enn engin teljandi reynsla fengin um þær og hann þannig að mestu óráðin sem ærfaðir þó að ætterni gefi góð fyrirheit í þeim efnum.

Litaerföir: Ormur er arfblendinn hvítur, hann gefur tvílit og mórautt. Hann gefur því einnig hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	46	--	--	107	30 / 4/5 (S)	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	17,5	8,5	8,0	8,5	85,5
2004	87	103	25,0	121	32 / 7/4 (S)	8,0	8,5	8,5	8,5	8,5	18,0	8,5	8,0	8,5	85,0

Múkki

frá Kambi, Reykhólasveit.
(keyptur frá Gautsdal)



MFF: Dalur 97-838.

Múkki 03-936		
KLÖMAT	Fjöldi	BLUP 48
	Gerð	141
	Fita	107
	Heild	121
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	51
	Einkunn	107
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Hausinn er fríður. Herðarnar kúptar og bolurinn sívalur. Breitt og sterkt bak, vel vöðvaðar malir. Feikilega þykkur lærvöðvi sem fyllir gríðarlega vel upp í krikann. Fótstaða góð.

Fremur bollangur hrútur með prýðisgott samræmi.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur og engin svört hár fundust. Ullin mikil, þelið þykkt og mikið, togið í styttra lagi en fremur fínt.



Reynsla: Múkki vakti athygli haustið 2004 fyrir ótrúlega mikla yfirburði í kjötmati hjá sláturlömbum undan honum. Lömbin undan honum voru að jafnaði með fast að 11 (U) fyrir gerð. Hann var því fenginn í stóru afkvæmarannsóknina fyrir sæðingastöðvarnar á úrvalshrútum úr Steingrímsfjarðarhólfinu sem var í Stóra-Fjarðarhorni. Í þeirri rannsókn sannreynði hann mikla kosti sína með tilliti til kjötgæða. Afkvæmi hans sýndu skýra yfirburði bæði í ómsjarmælingum og úr kjötmati sláturlamba. Í rannsókninni var stór hluti afkvæma hans ákaflega vel gerð og álitleg ásetninglömb. Múkki er alls óreyndur sem ærfaðir vegna ungs aldurs. Móðir hans var einlemd gemlingurinn og einnig tvö næstu ár en tvílembd í ár. Hún hefur 5,3 afurðastig.

Litaerfðir: Múkki er arfblendinn hvítur og erfir tvílit en ekki vitað að hann búi yfir erfðavísi fyrir mórauðum lit, gefur hreinhvít.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Brjm	Spjald	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	46	--	--	109	25/2/4(S)	8,0	8,0	9,0	8,5	9,0	17,0	9,0	8,0	8,0	84,5

Rússi

frá Stóra-Fjarðarhorni, Kollafirði.



FMF: Sólon 93-977.



Rússi 03-938		
KJÖTMAT	BLUP	
	Fjöldi	25
	Gerð	109
	Fita	121
	Heild	116
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	16
	Einkunn	100
DÆTUR	Afurðaaár	
	Friðsemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Friður og þróttlegur haus. Sívalur brjóstkasli, sterkt bak og breiðar, vel vöðvaðar malir. Góð lærahold. Fótstaða góð. Bollöng, þrúð og gæf kind.

Ullarlýsing EE:

Hreinhvítur og

engin svört hár fundust. Ákaflega ullarmikill, reyfið jafnt og meðalfínt.

Reynsla: Rússi er að stórum hluta ættaður úr Kirkju-

bólshreppi, faðir hans Goði 00-659 frá Heydalsá hefur verið afbragðs kynbótakind, sem var fyrst í stórrí rannsókn í Stóra-Fjarðarhorni 2003 og hefur síðan verið notaður þar á búinu. Rússi var haustið 2004 í stórrí rannsókn fyrir stöðvarnar þar sem hann skilaði sérlega góðu kjötmati, einkum þó fitumati, eins og BLUP niðurstöðurnar sýna. Næsta vetur var hann notaður á gemlinga. Þau lömb komu til skoðunar jafnhliða afkvæmarannsóknarlömbunum í Stóra-Fjarðarhorni haustið 2005. Athygli vakti hve feikilega mörg öflug hrútsefni komu fram í þeim lambahópi. Í ljósi þess og kjötmatsniðurstaðna frá árinu áður er hann valinn til notkunar á stöð.

Rússi er að sjálfsögðu vegna ungs aldurs nánast óreyndur sem æfaðir en móðir hans var einlembd gemlingurinn en síðan ávallt tvílembd og hefur skilað feikilega vænum lömbum og er með 7,3 afurðastig.


Litaerfðir: Rússi er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

FORYSTUHRÚTUR

Tígull

frá Smáhömrum,
Steingrímsfirði



Lýsing: Tígull er svartkápóttur og vel hyrndur. Hausinn er fremur fínlegur og snoppan grönn. Tígull líkist í vexti um margt forfeðrum sínum. Hann er sökum ungs aldurs óreyndur sem forystuhrútur en virðist rólegur og greindarlegur í fasi. Augun eru vökul og hann virðist fljótt að læra. Lætur ágætlega að stjórn sé hann teymdur.

Tígull er óreyndur æfaðir eins og aldur hans segir til um en móðir hans var tvílembd gemlingsárið en síðan einu sinni einlembd, þrisvar þrílembd en önnur ár með tvö lömb.

Litaerfðir: Útlit og ætterni benda til að Tígull gefi fjölbreytta liti hjá afkvæmum.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Hrútaskráin er á www.buvest.is

VAN DER VELDEN



Gripagólf

Stærsti framleiðandi gólfbita í Evrópu. - Gæðavottun

hausverk / SIA

15 ára ábyrgð



Sturlaugur Jónsson & Co. ehf.

- Fiskislóð 26
- Sími: 551 4680
- www.sturlaugur.is

Sýnatökubor



til heysýnatöku
þegar vanda skal til verka
kannaðu málið



BÚREKSTRARDEILD

Sólbakka 8 - 310 Borgarnesi **BORGARNESI**
Afgreiðsla sími 430 5620 - Fax 430 5621

...alltaf heitt á könnunni

AGRONIC

AGRONIC - gæðaframleiðsla frá Finnlandi



AGRONIC combi 1302 sambyggða rúllu- og þökkunarvélin hefur verið markaðsráðandi í Finnlandi frá árinu 2001

- 20 skurðarhnifur
 - sjálfvirk smurkerfi
 - sjálfstæð vökvadæla
 - 3ja ára eða 30 þús. rúlla ábyrgð á völsum
 - tveggja öxla, stór og góð dekk 500/15R17
- Traust og góð vél



Mykjutankar með niðurfellingarbúnaði og áfastri ská-dælu. Einnig fánlegir án aukabúnaðar. Stærðir 11-20 þús. lítra.



Taliur og hlaupakettir. Lyftigeta allt að 1 tonn!

Ketchum

lambamerki



Kynntu þér málið. Sendum sýnishorn ef óskað er!



Afrúllari

- traustur og góður
- einn ódýrasti vinnu- maður sem völ er á



LAMBÁS ehf. - Sveinungsvík

Upplýsingar og pantanir Gunnar s: 465-1333 og Einar s: 465-1332 (á kvöldin)

00000101

Ifor Williams
Trailers

ÖFLUGAR GRIPAFLUTNINGAKERRUR



Rúmgóð tveggja hesta, tveggja öxla kerra á öflugum undirvagni.

Þverslá og gummímottur í gólfi.

Verð kr. 440.000.- án vsk. og skráningar
(kr. 560.250.- m/vsk og skráningu)

Einnig fáanlegar með
milligólfi til fjárflutninga



Öflug grindarbyggð 4-6 hesta kerra á blaðfjöðrum og 16 tommu Land-Rover felgum, tveggja öxla. 2 millipil og gummímottur í gólfi.

Verð kr. 670.000.- án vsk. og skráningar
(kr. 846.000.- m/vsk. og skráningu)



Ert þú að hugleiða endurfjármögnun lána?

Leitaðu til Sparisjóðsins í þinni heimabyggð og kynntu þér kjörin!



Sparisjóðurinn býður viðskiptavinum endurfjármögnun á eldri lánum

Með lægri vöxtum og lengri lánstíma bjóðast viðskiptavinum Sparisjóðsins betri kjör. Þannig gefst heimilum og fyrirtækjum gott tækifæri til að endurskipuleggja fjármálin.

Við hjá Sparisjóðnum bjóðum viðskiptavinum framúrskarandi og persónulega þjónustu og tryggjum að þeim standi til boða hagstæð kjör á hverjum tíma. Því bjóðum við þér að fara yfir fjármálin og komum með tillögur að heildarlausn fyrir þig.

Kynntu þér kostina!

- Góð vaxtakjör
- Allt að 80% veðhlutfall
- Allt að 30 ára lán



Sexfaldur sigurvegari | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | spar.is



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína



Í TÆP 100 ÁR HEFUR MIKILVÆGASTI HLUTI FRAMLEIÐSLU SS FARIÐ FRAM UNDIR BERUM HIMNI

Uppistaðan í hráefninu sem SS notar í matvælaframleiðslu sína er upprunnin í hreinni náttúru Íslands. Frá stofnun fyrirtækisins 28. janúar árið 1907 hefur það verið í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu.

SS þakkar neytendum fyrir jákvæð viðbrögð við framleiðslu fyrirtækisins í tímans rás.

